

2015
2016



Ársskýrsla
Öryrkjabandalags Íslands

Ársskýrsla Öryrkjabandalags Íslands 2015-2016
Ritstjóri: Guðjón Helgason
Prófarkalestur: Þórný Björk Jakobsdóttir
Umsjón: Margrét Ögn Rafnsdóttir
Umbrot: Auður Björnsdóttir
Prentun: Prentmet

Ljósmynd á kápu: Sigtryggur Ari Jóhannsson

© Öryrkjabandalag Íslands, 2016
Ársskýrsla ÖBÍ er gefin út rafrænt og á prenti. Heimilt er að afrita og nota efni hennar, sé heimildar getið.
Ljósmyndir eru háðar höfundarrétti ljósmyndara, Öryrkjabandalags Íslands og aðildarfélaga þess.

ISSN 2298-903X

Öryrkjabandalag Íslands
Sigtúni 42 • 105 Reykjavík
www.obi.is • obi@obi.is
Sími: 530 6700

2015
2016

Ársskýrsla
Öryrkjabandalags Íslands

Ávarp formanns	7
Stjórn ÖBÍ 2015 - 2016	8
Skýrsla formanns og stjórnar 2015 - 2016	9
Skýrslur málefnaþópa og hreyfinga ÖBÍ	
Málefnaþópur um aðgengi	24
Málefnaþópur um atvinnu- og menntamál	25
Málefnaþópur um sjálfstætt líf	25
Málefnaþópur um kjaramál	26
Málefnaþópur um heilbrigðismál	26
Kvennahreyfing ÖBÍ	27
Ungliðahreyfing ÖBÍ	27
Skýrsla Hvatningarverðlauna ÖBÍ	28
Skýrslur fyrirtækja ÖBÍ	
Brynja Hússjóður Öryrkjabandalagsins	29
Fjölmennt	31
Hringsjá náms- og starfsendurhæfing	32
Íslensk getsþá	33
TMF Tölvumiðstöð	34
Örtækni	35
Skýrslur aðildarfélaganna ÖBÍ	
ADHD samtökin	36
Alzheimersamtökin á Íslandi	36
Astma- og ofnæmisfélag Íslands	37
Ás styrktarfélag	37
Blindrafélagið	38
Blindravinafélag Íslands	38
CCU Samtökin	39
CP félagið	39
Einhverfusamtökin	40
Félag heyrnarlausra	40
Félag lesblindra á Íslandi	41
Félag lifrarsjúkra	41
Félag nýrnasjúkra	42
Fjöla - félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu	42
Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra	43
Geðhjálp	43

Geðverndarfélag Íslands	44
Gigtarfélag Íslands	44
Heilaheill	45
Heyrnarhjálp	45
HIV - Ísland	46
Hjartaheill.....	46
Hugarfar	47
LAUF - Félag flogaveikra	47
Málbjörg - félag um stam	48
Málefli	48
ME félag Íslands	49
MG - félag Íslands	49
MND félagið á Íslandi	50
MS - félag Íslands	50
Ný rödd.....	51
Parkinsonsamtökin á Íslandi	51
Samtök lungnasjúklinga.....	52
Samtök sykursjúkra	52
SEM - Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra	53
SÍBS	53
Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra	54
SPOEX - Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	54
Stómasamtök Íslands	55
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	55
Tourette - samtökin á Íslandi	56
Fulltrúar ÖBÍ í nefndum og ráðum 2015 - 2016	
Stjórn ÖBÍ 2015-2016	58
Framkvæmdaráð ÖBÍ 2015-2016	59
Málefnaþópar ÖBÍ 2015-2016.....	59
Hreyfingar ÖBÍ.....	60
Nefndir ÖBÍ	61
Fyrirtæki ÖBÍ / Samstarfsaðilar ÖBÍ	61
Sjóðir ÖBÍ.....	62
Fulltrúar ÖBÍ í starfi frjálsra félagasamtaka.....	62
Fulltrúar ÖBÍ í opinberum nefndum og ráðum	63
Fulltrúar ÖBÍ í erlendu samstarfi	65
Ársreikningur ÖBÍ	66

Kæri félagi,

Ég vil tileinka þessi aðfaraorð minningu Bjarkar Þórarinsdóttur sem varð bráðkvödd 17. desember 2015 þá 51 árs að aldri en hún hafði starfað fyrir ÖBÍ og átti stóran þátt í þeim vitundarvakningarverkefnum sem unnin voru á árunum 2014 og 2015. Hennar er sárt saknað.

Árið hefur verið viðburðaríkt. Nýtt skipulag ÖBÍ hefur litið dagsins ljós, bæði nýtt innra skipulag samkvæmt endurskoðuðum lögum ÖBÍ og nýtt skipulag skrifstofu til að mæta breyttu innra skipulagi. Það er mín upplifun að vel hafi tekist til og að almenn ánægja sé með nýja skipulagið þó það eigi kannski eftir að taka aðeins lengri tíma að festast í sessi.

Málefnaþórnir hófu störf eftir síðasta aðalfund og hefur það tekið þá nokkra mánuði að mótast, en nú taka fulltrúar fjölda aðildarfélaganna þátt í reglulegu starfi ÖBÍ. Einhverjir fara hraðar en aðrir hægar, sem er fullkomlega eðlilegt, á meðan allir eru að fóta sig í nýju skipulagi. Sigtúnið og fundarherbergið Ólafsstofa iðar af lífi alla daga vikunnar og stundum fram á kvöld. Starfsemin einkennist af grasrótastarfi og botnlausum brunnum hugmynda um hvernig hægt er að haga baráttunni og starfinu framundan. Fólk er tilbúið að gefa af sér og gefa tíma sinn í þessa mikilvægu vinnu sem félagsstörfun og baráttumálin okkar krefjast.

Vissulega koma stundum tímar þar sem efinn læðist að fólki um að árangur náist seint eða illa. Málefnið sem við fáumst við fjalla um lífsins mikilvægustu spurningar, um mannréttindi, þátttöku í samfélaginu, lífsskilyrði okkar, barna okkar eða nánustu aðstandenda. Þess vegna er krafan um árangur svo eðlileg.

Þann 20. september sl. komst eitt stærsta baráttumál ÖBÍ í ávaraðir loksins í höfn en það var þegar Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) var fullgiltur á Alþingi Íslendinga. Með fullgildingu samningsins og valfrjálsrar bókunar hans, sem gildir frá 1. janúar 2018, hefur gríðarlega stórt skref verið tekið í réttindabaráttu fatlaðs fólks á Íslandi og því ber að fagna.

Félagar í aðildarfélögum ÖBÍ eiga stóran þátt í þessum merka áfanga enda höfum við í sameiningu unnið hörðum höndum að því að fá SRFF fullgiltan. Vinnan hefur krafist seiglu, þolinmæði og úthalds. Njótum uppskerunnar en þóssum okkur á að sofna ekki á verðinum, því næg vinna er fyrir höndum. Næsta verkefni er að fá samfélagið til að skilja samninginn, vinna eftir honum og síðast en ekki síst að fá samninginn lögfestan.

Oft er gott, þó erfitt getur reynst, að minna sig á að dropinn holar steininn.

Gefumst ekki upp, stöndum og sitjum saman, höldum ótrauð áfram!



Ljósmynd: Rut ljósmyndastofa

Takk fyrir allt ykkar óeigingjarna starf á árinu

Með vinsemd og virðingu,
Ellen Calmon, formaður ÖBÍ

Stjórn ÖBÍ



Ljósmyndari: Finnur Þorgeirsson

Stjórn ÖBÍ aftari röð, talið frá vinstri: Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri, Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir, formaður málefnaþóps um heilbrigðismál - Sjálfsbjörg Isf., María Óskarsdóttir, formaður málefnaþóps um kjaramál - Sjálfsbjörg Isf., Garðar Sverrisson - MS-félagi Íslands, Árni Heimir Ingimundarson - Málbjörg, Daniel Ómar Viggósson - CP félaginu, Erna Arngrímsdóttir - SPOEX, Svavar Kjarrval Lúthersson - Einhverfusamtökunum, Emil Þóróddsen - Gigtarfélagi Íslands, Ægír Lúðvíksson - MND félaginu á Íslandi og Ellen Calmon, formaður - ADHD samtökunum.

Fremri röð, talið frá vinstri: Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður - Blindrafélaginu, Bergur Þorri Benjamínsson, gjaldkeri - Sjálfsbjörg Isf., Rúnar Björn Herrera, formaður málefnaþóps um sjálfstætt líf - SEM samtökunum, Ingveldur Jónsdóttir, varamaður - MS-félagi Íslands og Grétar Pétur Geirsson, formaður málefnaþóps um aðgengi - Sjálfsbjörg Isf.

Á myndina vantar: Hjördísi Önnu Haraldsdóttur, formann málefnaþóps um atvinnu- og menntamál - Félagi heyrnarlausra, Svövu Aradóttur - Alzheimersamtökunum á Íslandi, Maggýju Hrönn Hermannsdóttur - Geðhjálp, Kristínu Björnsdóttur - Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, Karl Þorsteinsson - Ás styrktarfélagi, Nílsínu Larsen, varamann - SíBS og Arnþrúði Karlsdóttur, varamann - Tourette-samtökunum.


Skýrsla formanns og stjórnar 2015-2016

Vitundarvakning er mikilvægur þáttur í öllu starfi ÖBÍ og er hugað að henni í hvívetna. Bæði þegar unnið er að málþingum og viðburðum og þegar forsvarsmenn bandalagsins sitja fyrir svörum í fjölmiðlum eða eiga fundi með stjórnáamönnum eða almenningi. Leitað er ráðgjafar í þessum málum s.s. hjá auglýsingastofum, almannatenglum eða viðburðastjórnunarfyritækjum.

Nú stendur yfir myndbandagerð fyrir öll aðildarfélag ÖBÍ. Tvö myndbönd verða gerð um hvert aðildarfélag. Í öðru myndbandinu eru hefðbundnar grunnupplýsingar um aðildarfélagið og í hinu er fjallað um einstök málefni þess. Myndböndin eru í raun söguleg skráning í tilefni af 55 ára afmæli ÖBÍ. Þau verða notuð til vitundarvakningar svo almenningur kynnist betur gríðarlega mikilvægu starfi aðildarfélaganna og síðast en ekki síst til að vekja athygli á fjölbreytileika aðildarfélaganna sem öll eiga sinn stað undir regnhlíf ÖBÍ.



Þann 16. ágúst 2016 var undirritaður samningur á milli ÖBÍ og Tjarnargötunnar um framleiðslu á 41 myndbandi um aðildarfélag ÖBÍ. Á myndinni eru Ellen Calmon, formaður ÖBÍ, Einar Benedikt Sigurðsson, framkvæmdastjóri Tjarnargötunnar og Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ÖBÍ.



www.obi.is

Heimasíða ÖBÍ verður snjöll

Ný snjöll heimasíða ÖBÍ leit dagsins ljós á alþjóðlegum degi fatlaðs fólks þann 3. desember 2015. Starfsfólk ÖBÍ vann að gerð vefsins með aðstoð Sigurjóns Ólafssonar hjá Funksjón sem sá um þarfagreiningu, fundi með rýnihópum og undirbúning tilboða til vefvyrirtækja. Félagar úr aðildarfélagum ÖBÍ tóku virkan þátt í rýnihópum þar sem sérstaklega var gætt að ólíkum þörfum aðildarféлага ÖBÍ. Stefna hugbúnaðarhús sá um útlit og vefun á sjálfum vefnum og sér um hýsingu hans. Mikill metnaður var lagður í aðgengismál og sá Sjá ehf. um úttekt á aðgengi vefsins og framkvæmdi notendaprófanir. Einnig var leitað til Birkis Rúnars Gunnarssonar sem tók út ýmis tækni- og aðgengisatriði sem snúa að blindum notendum vefsins.

Aðgengisverðlaun SVEF 2015


Heimasíða ÖBÍ fékk í kjölfarið aðgengisverðlaun Samtaka vefiðnaðarins (SVEF) 2015 sem afhent voru við hátíðlega afhöfn þann 29. janúar sl. Vefur ÖBÍ var tilnefndur í topp fimm í 2 flokkum af 15, það er „Aðgengilegasti vefurinn“ og „Non-profit vefur“. Vefur bandalagsins sigraði í flokknum „Aðgengilegasti vefurinn“. Í niðurstöðum dómnefndar kom eftirfarandi fram um vefinn: „... aðgengi að rafrænum upplýsingum og þjónustu eru ekki bara mannréttindi og skylda heldur bætir notendaupplifun fólks almennt og skapar ný sóknarfæri. Grunnatriði á borð við lyklaborðsvirkni, litamótstöðu, og merkingu tengla og innsláttarrita, villiboð, kennileyti og annað eru til fyrirmyndar á þessum vef. Rúsínan í pylsuendanum er svo sú mikla vinna sem lögð var í táknmálstúlkun á margmiðlunarefni.“



Íslensku vefverðlaunin 2015

Innri vefur

Innri vefur ÖBÍ var tekinn í notkun fyrri part árs 2016 en um er að ræða danskt kerfi sem heitir Podio. Kerfið er einfalt í notkun og hægt að nýta það á marga vegu. Innskráning á innri vefinn fer fram á heimasíðunni Podio.com þannig að hægt er að nálgast gögn og upplýsingar af innri vef hvar sem er í heiminum, eina sem þarf er nettenging. Öll aðildarfélögin hafa fengið aðgang.



Tilgangur með innri vef er að fækka tölvupóstsendingum frá skrifstofu ÖBÍ og að halda utan um gögn málefnaþópa, stjórnar, framkvæmdaráðs og fleiri ef því er að skipta. Aðildarfélögin, fulltrúar í málefnaþópum og ýmsum nefndum ÖBÍ geta haft samskipti sín á milli í þessu kerfi, skipulagt fundi og sett inn gögn sem snerta starfið.

Málefnaþóparnir, stjórn og framkvæmdaráð ÖBÍ hafa notað kerfið með góðum árangri. Aðildarfélögin eru mislangt komin með notkun þess en innleiðingarferlið er á lokametrunum. Starfsmaður á vegum ÖBÍ hefur boðið upp á kennslu á Podio og er fólk hvatt til þess að setja sig í samband við skrifstofu ÖBÍ ef það þarf upplýsingar um Podio.



Málefnaþópar ÖBÍ

Málefnaþóparnir eru fimm talsins og fjalla um aðgengi, atvinnu- og menntamál, heilbrigðismál, kjaramál og sjálfstætt líf. Þeir lögðu allir upp með starfsáætlun fyrir árið 2016 og eru skýrslur þeirra hér aftar í ársskýrslunni.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að Ísland fullgildi Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) undanfarin ár og hefur það verið gert með ýmsum hætti. SRFF er ávallt nefndur í umsögnum um lagafrumvörp þar sem hægt er að vísa í samninginn. Þá átti formaður ÖBÍ samstarf við formann og framkvæmdastjóra European Disability Forum (EDF) um að senda bréf til innanríkisráðherra þar sem ráðherra var hvattur til að gangast í fullgildingu.



Rammar úr myndbandinu „Forræðishyggja“
Textar: „Nei, þetta er alltof dýrt!“
„Þetta er miklu praktískara“

Lagt var af stað í undirskriftasöfnun á vormánuðum 2015 þar sem almenningur var hvattur til að skora á ríkisstjórnina að fullgilda SRFF. Af því til efni voru útbúin 6 myndbönd um valdar greinar í SRFF og fjalla þau um fjölskyldulíf, fordóma, örorkulífeyri, upplýsingar, sambýli og útilokun. Myndböndin sem öll byggja á sönnum atburðum eru textuð og þeim sjónlýst, en þau má sjá inni á



Rammar úr myndbandinu „Sambýli“
Textar: „Það er á fimmtudagskvöldum manstu“
„Já, nei. Það er ekki það tími núna“

heimasíðunni undir sjónvarp ÖBÍ. Myndböndin fengu gríðarlega mikla og góða dreifingu og athygli. Halldór Sævar Guðbergsson og Þuríður Harpa Sigurðardóttir fóru í viðtal á Stöð 2 þar sem fyrsta myndbandið var frumsýnt í opinni dagskrá.

Í myndböndunum léku ófatlaðir listamenn þá sem voru fatlaðir og fatlað fólk lék ófatlað fólk eða þá sem voru í ráðandi stöðu. Umsjón með myndbandagerðinni hafði Björk Þórarinsdóttir heitin en hún kom einnig að handritsgerð ásamt Ellen Calmon formanni og þáverandi kjarahóp, SRFF hóp og nefnd um algilda hönnun.




Rammi úr myndbandinu „Örorkulífeyrir“
Texti: „Jæja, þarf ég ekki að borga þér einhver laun?“



Einnig var útbúið plakat með mörgum þekktum andlitum alls staðar að úr samfélaginu og úr aðildarfélögum ÖBÍ sem hvöttu almenning til að skora á stjórnvöld að fullgilda SRFF.

Endapunkturinn á þessari herferð og vitundarvakningu var 11. nóvember 2015 þegar undirskriftirnar 17.000 voru afhentar Ólöfu Nordal innanríkisráðherra í Alþingishúsinu. Þá var öllum þingmönnum afhentar óskir fatlaðs fólks með táknrænum hætti. Þingmenn höfðu orð á því í pontu Alþingis þann daginn að mikilvægt væri að fullgilda samninginn. Þakka ber öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við þessa mikilvægu vitundarvakningu sem klárlega náði til almennings. Þegar þetta er skrifað í september 2016 mælti utanríkisráðherra Lilja Alfreðsdóttir fyrir þingsályktunartillögu um fullgildinguna SRFF og var hún samþykkt á Alþingi 20. september 2016.

Sumarskóli um SRFF í Galway á Írlandi var haldinn í júní 2016. Eins og fyrri ár styrkti ÖBÍ félagi í aðildarfélögunum til þátttöku í námskeiðinu enda nauðsynlegt að sem flestir kynni sér samninginn og læri meira um innihald hans og mikilvægi ásamt því að aðstoða við að kynna innihald samningsins út á við.




Fimm af sextíu og þremur óskum sem sendar voru þingmönnum



Ég óska þess að...

- fá túlkun þegar ég þarf
- fá þau hjálpartæki sem ég þarf
- fá að ráða lífi mínu sjálf
- fá að ættleiða barn
- geta valið með hverjum ég bý

Þann 11. nóvember 2015 færði ÖBÍ hverjum og einum þingmanni gjöf sem var origamifugl í krukku sem flytur óskir fatlaðs fólks. Fuglinn var unninn af Nilsínu Larsen Einarsdóttur



ÉG SKRIFA
UNDIR!




STÖNDUM MEÐ
MANNRÉTTINDUM



Veggspjöld sem hvöttu fólk til að skora á stjórnvöld að fullgilda Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF)



Heilbrigðisþjónusta

Málefnaþingur um heilbrigðismál gaf út skýrslu á árinu sem fjallaði um tillögur ÖBÍ að greiðsluþátttökukerfi í heilbrigðisþjónustu og hélt málþing þar um. Með þessu hefur ÖBÍ nú lagt fram heildstæðar tillögur að greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu og hefur þannig sýnt að bandalagið vill vera leiðandi í tillögugerð og samfélagsumræðunni um heilbrigðismál. Skýrslan hefur verið send öllum þingmönnum og ráðherrum.

Þess ber að geta að eftir útkomu skýrslunnar fengu stæðar upplýsingar að einungis þyrfti um 6 milljarða króna til að gera núverandi heilbrigðiskerfi ókeypis fyrir sjúklinga. ÖBÍ hvetur því stjórnvöld til að stíga skrefið til fulls þannig að kostnaður sjúklinga verði enginn og heilbrigðiskerfið verði þar með aðgengilegt öllum óháð fjárhag.

Almannatryggingar

Nefnd um endurskoðun almannatryggingalaga skilaði af sér lokaskýrslu í febrúar 2016 en ÖBÍ skiladei séráliti sem stjórnarandstöðuflokkarnir skrifuðu undir ásamt greinargerð. Aðalfulltrúar ÖBÍ í nefndinni voru Halldór Sævar Guðbergsson varaformaður ÖBÍ, Blindrafélaginu og Klara Geirsdóttir, CP félaginu en varamenn þeirra voru Grétar Pétur Geirsson, Sjálfsbjörg og Erna Arngrímsdóttir, SPOEX. Formaður nefndarinnar var Þorsteinn Sæmundsson alþingismaður.

Fjöldmargir skiluðu séráliti og var ljóst að ekki ríkti almenn sátt um niðurstöður meirihluta nefndarinnar. Hins vegar var sátt um að fella sérstaka framfærsluuppbót inn í tekjutryggingu og taka þannig út „krónu-á-móti-krónu-skerðingu“ hjá lífeyrisþegum. Þegar þetta er skrifað höfum við enn ekki séð tillögur um slíkt fyrir örorkulífeyrisþega.



Ljósmynd: Finnur Þorgeirsson



Stefnuþing ÖBÍ

Formannafundir

Fundir fyrir formenn aðildarfélaganna ÖBÍ voru haldnir að hausti 2015 og að vori 2016. Voru þetta upplýsinga- og samráðsfundir þar sem formaður, varaformaður og formenn málefnaþópa upplýstu formenn aðildarfélaganna um helstu starfsemi ÖBÍ. Fundirnir eru óformlegir að mestu leyti og er þetta áhugaverður vettvangur fyrir formenn aðildarfélaganna til að koma saman, treysta tengslanet sitt, kynna og fá nýjar hugmyndir. Næsti formannafundur verður í lok september 2016 en þá mun stjórn ÖBÍ einnig sitja fundinn.

Stefnuþing ÖBÍ

Stefnuþing 2016 var haldið í Hörpu í aprílmánuði og var það vel sótt og var stemmningin mjög góð. Þetta var mikið vinnuþing sem málefnaþóparnir höfðu undirbúið afskaplega vel. Stefnuþinginu var ætlað að skoða og forgangsraða þeim málefnum sem málefnaþóparnir vilja leggja áherslu á. Málefnaþóparnir unnu úr afurðum stefnuþingsins og hafa nú listað upp þrjú lykilatriði sem lögð verður áhersla á að vinna að á næstu misserum.



Námskeið og fundir

Formaður ÖBÍ á reglulega fundi með forsvarsmönnum aðildarfélaganna. Það er mikilvægur liðurur í því að heyra hverjar þarfir þeirra eru og hvar áherslur þeirra liggja, en ekki síst hvernig ÖBÍ getur frekar þjónustað aðildarfélögin. Félögin nýta sér í æ ríkari mæli viðburðadagatal ÖBÍ og óska eftir að viðburðir séu auglýstir á Facebooksíðu bandalagsins. Í september 2016 var haldið námskeið fyrir aðildarfélögin sem kallaðist „Skrifað til áhrifa“ þar sem ætlunin var að styrkja aðildarfélögin í að skrifa blaðgreinar og markmiðið var að hver og einn bæri eina blaðgrein úr bótum eftir að hafa sótt námskeiðið.

Einnig var öllum aðildarfélagunum boðið upp á þátttöku í námskeiði um SRFF snemmsumars 2016 sem Rannveig Traustadóttir hafði umsjón með. Bæði námskeiðin voru vel sótt og þátttakendum að kostnaðarlausu.



1. maí

Málefnaþingur um kjaramál hafði umsjón með 1. maí göngunni fyrir hönd ÖBÍ. Slagorð göngunnar voru „Fæði, klæði, húsnæði – fyrir alla!“ en þau voru tilkomin vegna skýrslu UNICEF sem kom út í byrjun árs 2016 þar sem fram kom að yfir 6.100 börn á Íslandi líða skort hvað varðar fæði, klæði eða húsnæði. Samkvæmt skýrslu UNICEF þá áttu börnin, sem skorti klæði, einungis eitt skópar sem passaði. Útbúið var myndband í samvinnu við ENNEMM og Saga film sem sýndi barn sem einungis átti eitt skópar sem passaði, stígvél, í ýmsum aðstæðum. Þá voru fengnir fjölmargir þekktir einstaklingar úr röðum fatlaðs fólks og ófatlaðs til að sitja fyrir á ljósmynd í stígvélum.

Mismunandi textar voru á ljósmyndunum en hugsunin var: Hvernig þætti þér að eiga bara eitt skópar sem passar? Útbúin voru litrík höfuðbuff með barnateikningum af fæði, klæði og húsnæði sem dreift var um allt land 1. maí. Buffin eru lengi í notkun og því stöðug áminning um baráttuorð ÖBÍ.



Rammar úr myndbandinu „Fæði, klæði, húsnæði – fyrir alla!“



Veggspjöld úr auglýsingaherferðinni „Fæði, klæði, húsnæði – fyrir alla!“



Dómsmál

ÖBÍ rekur nokkur dómsmál á ári hverju sem öll eru prófmál í réttindabaráttu fatlaðs fólks og öryrkja með einhverju móti. Helst má nefna tvö þeirra, það er framfærslumálið þar sem ÖBÍ studdi mál einstaklings sem taldi upphæðir sem ríkið greiðir til framfærslu sinnar sem örorkulífeyrispega ekki vera í samræmi við 76. gr. stjórnarskrárinnar um mannsæmandi framfærslu. Dómur í málinu féll í héraði 2016 og taldi héraðsdómur ríkið uppfylla stjórnarskrárákvæðið með greiddum upphæðum. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Hitt málið varðar sérstakar húsaleigubætur en ÖBÍ studdi mál einstaklings sem stefndi Reykjavíkurborg þar sem hann taldi borgina mismuna sér þegar borgin synjaði honum um sérstakar húsaleigubætur á grundvelli þess að hann leigði hjá Brynju Hússjóði. Á sama tíma studdi borgin við einstaklinga sem leigðu hjá Félagsbústöðum. Málið vannst í héraðsdómi Reykjavíkur og áfrýjaði borgin til Hæstaréttar, þar sem málið vannst einnig. Hæstiréttur tók undir rök leigjandans og ógilti ákvörðun borgarinnar.

Starfsmannamál

Tveir nýir starfsmenn hófu störf á skrifstofunni í janúar 2016, þær Ágústa Dröfn Guðmundsdóttir og Jóhanna Hermansen. Þær skipta með sér starfi Önnu Guðrúnar Sigurðardóttur, þjónustufulltrúa, sem lét af störfum í júlí 2015 eins og fram kom í síðustu ársskýrslu.

Margrét Rósa Jochumsdóttir, ritstjóri, lét af störfum í lok apríl 2016. Starfið var endurskoðað og breytt í kjölfarið til að efla starfsemina enn frekar. Ráðinn var nýr starfsmaður, Guðjón Helgason, í nýtt starf samskiptastjóra í ágúst 2016. Helstu

verkefni hans snúa að samskiptum við fjölmiðla, útgáfumálum, viðburðum og upplýsingagjöf hvers konar. Hagvangur hafði umsjón með ráðningarferlinu en umsækjendur voru um 50 talsins.

Skipulagsbreytingar á skrifstofu ÖBÍ

Veigamiklar skipulagsbreytingar voru gerðar á skrifstofunni í mars 2016 í ljósi þess að starfsemi bandalagsins hefur breyst mikið á undanförunum árum með breyttum áherslum, aðgerðum stjórnvalda og fleiri utanaðkomandi þáttum. Aðildarfélögum hefur fjölgað töluvert en frá árinu 2008 hafa bæst við 11 ný félög og eru þau nú 41 talsins. Þá breyttist starfsemi skrifstofunnar eftir að sameiginlegum rekstri hennar með Brynju hússjóði var hætt árið 2011 og ekki síst eftir að skrifstofa bandalagsins flutti í eigið húsnæði í Sigtúni 42 í ágúst 2014. Ný lög ÖBÍ, sem samþykkt voru á aðalfundi 2014, hafa einnig haft talsverð áhrif.

Ofantaldir þættir gerðu það að verkum að breytinga var þörf á skipulagi skrifstofunnar. Tvær úttektir voru gerðar á starfseminni, sú fyrsta árið 2013 af Hagvangi og síðan af Arndísi Ósk Jónsdóttur, stjórnunar- og mannauðsráðgjafa, árið 2015 sem kom með tillögum að breytingum til að efla og aðlaga starfsemi skrifstofunnar að áður nefndum breytingum. Framkvæmdastjóri, ásamt formanni og varaformanni unnu úr þeim tillögum í samráði við framkvæmdaráð. Í kjölfarið var nýtt skipurit samþykkt á stjórnarfundum í febrúar, sem tók gildi í mars 2016.



Samkvæmt nýja skipuritinu er skrifstofunni skipt í þrjár starfseiningar:

1. Stoðþjónusta og almannatengsl sem starfar þvert á starfseiningar með þjónustu ýmis konar s.s. símsvörun, móttöku viðskiptavina, upplýsingagjöf til almennings og aðildarfélaga, viðburðum, fundum, auglýsingum, kynningarmálum og fjölmiðlatengsl ásamt öðrum almennum skrifstofustörfum eins og greiðslu reikninga, innkaupum, umsjón fasteignar og fleiri verkefnum.
2. Verkefnastjórnun. Starfsmenn þriggja málefna-hópa sinna hagsmunabaráttu fyrir hvern mála-flokk fyrir sig ásamt Kvinnahreyfingu og Ungliðahreyfingu bandalagsins. Þeir málaflakkar sem heyra hér undir eru atvinnu- og menntamál, heilbrigðismál og aðgengismál.
3. Ráðgjöf- og lögfræðiþjónusta sinnir ráðgjöf til aðildarfélaga ÖBÍ, öryrkja, langveikra og aðstandenda ásamt hagsmunabaráttu tveggja málefna-hópa sem vinna að kjaramálum og sjálfstæðu lífi.

Með skipulagsbreytingunum voru tvö störf lögð niður, þ.e. starf upplýsingafulltrúa og eins verkefnastjóra. Þeir starfsmenn sem um ræðir eru Bára Snæfeld og Hrefna K. Óskarsdóttir og þökkum við þeim fyrir störf þeirra í þágu ÖBÍ.


Verkefnum var ýmist breytt, þau lögð niður, sameinuð eða færð á milli starfsmanna með hliðsjón af menntun, þekkingu og reynslu hvers og eins. Mikilvægt í öllu þessu ferli var endurskoðun verkefna. Leitast verður við að nýta aðkeypta þjónustu þegar á þarf að halda. Þá var gengið frá fastráðningu starfsmanns sem áður hafði verið í tímabundnu starfi, í stoðþjónustu þar sem fjölgun hefur verið á málþingum, ráðstefnum, fundum og ýmsum viðburðum. Mikið grasrótastarf á sér stað í nýju og breyttu skipulagi. Eru félagar í aðildarfélögunum nú tíðir gestir í fundarherbergjunum í Sigtúni og hefur þessi breyting með tilkomu málefna-hópanna verið afar árangursrík og skemmtileg viðbót í gróskumikilli starfsemi ÖBÍ. Gert er ráð fyrir að nýja skipulagið verði metið og endurskoðað eftir aðalfund 2016 í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2017.

Stöðugildi

Í ágúst 2016 störfuðu 11 manns á skrifstofunni í 9,1 stöðugildum. Þessu til viðbótar er varaformaður í tímabundnu hálfu starfi fram að aðalfundi 2016. Meginhlutverk hans er að efla innra starf bandalagsins, samræma starf málefna-hópanna og styðja þá í þeirra vinnu í nýju og breyttu skipulagi. Að auki er lögfræðingur sem sinnir ráðgjöf á skrifstofunni sem verktaki í hlutastarfi. Þá er starfsfólk í átaksverkefnum í tímavinnu ásamt fólki í afleysingum eftir þörfum hverju sinni.

Nýtt skipurit ÖBÍ

samþykkt á stjórnarfundum 25. febrúar 2016





Ljósmyndari: Hartmann Kr. Guðmundsson

Starfsfólk ÖBÍ aftari röð, talið frá vinstri: Margrét Ögn Rafnsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, Kristín Margrét Bjarnadóttir, þjónustufulltrúi, Hannes Ingi Guðmundsson, lögfræðingur/ráðgjafi, Þórný Björk Jakobsdóttir, verkefnastjóri, Stefán Vilbergsson, verkefnastjóri, Jóhanna Hermansen, þjónustufulltrúi og Ellen Calmon, formaður.

Fremri röð, talið frá vinstri: Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri, Þorbera Fjölvisdóttir, verkefnastýra, Ágústa Dröfn Guðmundsdóttir, þjónustufulltrúi og Sigríður Hanna Ingólfssdóttir, félagsráðgjafi.

Á myndina vantar: Sigurjón Unnar Sveinsson, lögmann og Guðjón Helgason, samskiptastjóra.

Ráðgjöf

Boðið er upp á reglulega ráðgjöf á skrifstofu ÖBÍ. Þróun ráðgjafarinnar hefur verið sú að fjöldi símtala hefur staðið í stað en tölvupóstur aukist. Verkefnin dreifast meira á milli starfsmanna, með tilkomu málefnaþópa ÖBÍ.

Mest er spurt um kjaramál, framfærslu, réttindi og annað því um líkt. Húsnæðismál eru erfiðari en áður, biðlistar hafa lengst hjá sveitarfélögum og Brynju hússjóði. Erfitt er að leysa mál tímabundið þar sem öll gistiheimili virðast vera í útleigu til ferðamanna. Fjölgun er á fyrirsprungnum um réttindi sem fylgja fólki sem flytur til útlanda. Ástæða þess er að fólk á erfitt með að framfleyta sér, staðan hefur versnað, húsnæðiskostnaður aukist, fólk hefur misst húsnæði og sér ekki fram á að geta leigt sér annað. Fólk hefur áhyggjur af starfsgetu-matinu og þá helst af framfærsluþættinum og að það verði neytt til að stunda vinnu sem það hefur ekki starfsgetu til að stunda.

Vefrit ÖBÍ

Árið 2015 voru gefin út 5 vefrit en ekkert vefrit hefur verið gefið út það sem af er ári. Áætlað er að gefa út vefrit á haustmánuðum.

Tímarit ÖBÍ

Áætlað var að gefa út tímarit síðla hausts 2016 en vegna breytinga í starfsmannamálum og skipulagsbreytinga hefur ekki orðið af tímaritaútgáfu og ekki er gert ráð fyrir henni í ár. Almenn hefur það verið stefna ÖBÍ síðustu árin að draga úr prentuðu efni og gefa frekar út rafrænt efni.

Facebook

Félsbókarsíða ÖBÍ hefur aukið fylgi sitt til muna. Síðan var með um 5.400 fylgjendur í fyrra en þeir eru nú um 6.800 og er umferð um síðuna einnig mun meiri en áður. Þar er fjallað um réttindamál aðildarfélaganna auk léttmetis sem höfðar til almennings. Síðan er uppfærð nánast daglega og er einnig mikið notuð til að auglýsa viðburði á vegum ÖBÍ og ýmis málefni sem eru efst á baugi.



Bílastæðin í Sigtúni 42

P-stæðin fyrir utan skrifstofu ÖBÍ í Sigtúni 42 voru lagfærð og breytt sumarið 2016. Sett var hitalögn í stæðin þannig að nú eru þau orðin aðgengileg allt árið um kring. P-stæðum var fjölgað og eru þau nú fjögur talsins beint fyrir utan húsið, tvö venjuleg og tvö ætluð lyftubílum. Stæðin fengu nýtt útlit, það er P-karlinn sýnir manneskju í hjólastól sem er á ferð. Um er að ræða merki sem menn eru farnir að nota á nokkrum stöðum í Bandaríkjunum s.s. New York fylki og einnig í Bretlandi. Breytingarnar voru framkvæmdar með góðu samstarfi við aðra eigendur í húsinu.



Mynd af nýju P- stæði við Sigtún 42

Norrænt samstarf

Ráðet för nordiskt samarbete om funktionshinder (RNSF)

Ráðgefandi og stefnumarkandi ráð varðandi mál-efni fatlaðs fólks fyrir Norrænu ráðherranefndina og samstarfsaðila hennar. Í ráðinu sitja fulltrúar öryrkjabandalaga frá öllum Norðurlöndunum ásamt starfsfólki ráðuneyta. ÖBÍ á aðalmann í ráðinu en Landssamtökin Proskahjálpi eiga sæti varamanns. Formaður ÖBÍ sótti fundina á tímabilinu 2015-2016. Norræna velferðarmiðstöðin hefur umsjón með undirbúningum funda ráðsins og starfsemi þess, en Ísland á sæti í undirbúningsnefnd fundanna. Þrjú fundir voru haldnir í NHPR á tímabilinu auk ráðstefnu um NPA í nóvember 2015, ráðstefnu um það hvernig fólkinu líður í norðri í janúar 2016 og málpings um þróun á frekara samstarfi um menntun, fötlun og mannréttindi í júní 2016.

Formaður ÖBÍ hefur flutti erindi á ráðstefnu norræna samstarfsins sem haldin var í október 2015 um mikilvægi þess að koma í veg fyrir landamærahindranir, það er að greiða leið Norðurlandabúa á milli landa. Hún lagði sérstaka áherslu á að fatlað fólk og langveikt fái þá þjónustu sem það þarf á milli landa og að lífeyrir skerðist ekki, þannig að fólk geti lifað sjálfstæðu lífi og ekki í fátækt þó svo að það flytji á milli Norðurlanda, enda er stefna landanna að tryggja frjálst flæði íbúa þeirra á milli. Hægt er að sjá myndband af ráðstefnunni á heimasíðu Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar, www.nordicwelfare.org auk viðtals sem tekið var við formann um tilgang norðurlandasamstarfsins og

hverjar væntingarnar væru til starfsins.

Formaður hefur einnig kynnt myndböndin sem ÖBÍ lét gera í tilefni af undirskriftasöfnuninni þar sem skorað var á stjórnvöld að fullgilda SRFF. Myndböndin vöktu mikla athygli og lukku og eins buffin sem notuð hafa verið í 1. maí göngunni. Búast má við því að systurfélög ÖBÍ á Norðurlöndum munu nýta sér eitthvað af hugmyndum ÖBÍ í baráttunni og er það gleðilegt.

Inga Björk Bjarnadóttir, aðalfulltrúi ÖBÍ í verkefnastjórn um NPA í velferðarráðuneytinu fór ásamt formanni ÖBÍ á ráðstefnuna um NPA. Þar var farið yfir hvernig gengur að innleiða NPA á Norðurlöndum og þær áskoranir sem fatlað fólk og hagsmunasamtök þeirra standa frammi fyrir. Rætt var um NPA í tengslum við ýmsar greinar SRFF, réttinn til að lifa sjálfstæðu lífi og að taka þátt í samfélaginu. Mikilvægi þess að vinna gegn hatursorðræðu og réttinn að lifa án ofbeldis.

Á ráðstefnunni sem fjallaði um það hvernig fólkinu líður í norðri var fjallað um fjölda niðurstaðna rannsókna, til dæmis um það hvernig kynin nýta heilbrigðisþjónustu, hvenær konur og karlar fara til læknis og hvers vegna. Fjallað var um mikilvægi þess að horfa til kynjabreytunnar í heilbrigðisþjónustu.

Niðurstöður málþingsins voru meðal annars að Norræna velferðarmiðstöðin fær það verkefni að kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að bjóða upp á sumarskóla á Norðurlöndum til að fjalla um mál-efni fatlaðs fólks, m.a. með tilliti til SRFF. Formaður ÖBÍ lagði til að skólinn nefndist DISCO skólinn, sem væri stytting á Disability Cooperations School, þar sem áhersla yrði lögð á að háskóla-samfélagið ásamt hagsmunabaráttusamtökum fatlaðs fólks á Norðurlöndum ynnu saman að þróun slíks skóla og að afraksturinn myndi skila báð-um aðilum árangri í sínum störfum.

Handikapporganisationernas nordiska råd (HNR)

HNR er samstarfsvettvangur helstu heildarsamtaka fatlaðs fólks og langveikra á Norðurlöndum og á sjálfstjórnarsvæðunum. Þrír fundir hafa verið haldnir á tímabilinu. Á þessum fundum fer fram undirbúningur fyrir fundi ráðsins (RNSF) sem er yfirleitt skipulagður á svipuðum tíma svo nýta megi ferðirnar.



Evrópusamstarf

ÖBÍ tekur þátt í starfi Evrópusamtaka fatlaðra, European Disability Forum (EDF). Þrír fundir eru haldnir árlega, þar af einn aðalfundur. Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður ÖBÍ er fulltrúi ÖBÍ í stjórn EDF og varamaður Hjördís Anna Haralds-

dóttir frá Félagi heyrnarlausra. Þrír fundir voru haldnir á starfsárinu. Stjórnarfundur 31. október-1. nóvember 2015 í Brussel, Belgíu. Stjórnarfundur 11.-13. mars 2016 í Amsterdam, Hollandi. Halldór Sævar fór á báða fundina. Aðalfundur EDF 19.-22. maí í Dublin, Írlandi. Þangað fóru tveir fulltrúar, Halldór Sævar sem fulltrúi, Sigurjón Unnar Sveinsson, sem aðstoðarmaður hans og Ellen Calmon, sem fulltrúi en Hjördís Anna var á Norðurlandaráðstefnu um atvinnumál fatlaðs fólks á sama tíma.

Mikið var fjallað um fatlað flóttafólk og aðstæður þess. Vitað er að það verður oft eftir í flóttamanna-búðum því það hefur ekki styrk til að halda áfram og fær ekki stuðning til þess. Einnig var mikið fjallað um NPA og hafa flestir svipaða sögu að segja, það er að ríkið setur lögina en sveitarfélögin fylgja þeim ekki endilega. Svipuð ástæða er gefin upp alls staðar, það er að fjármagn vantar. Fjallað var um mikilvægi þess að innleiða gildi SRFF á öllum stjórnsýslustigum, ekki síst í þjónustu og reglum sveitarfélaga, en það gengur mjög misjafnlega eftir löndum í Evrópu og stundum á milli sveitarfélaga í hverju landi fyrir sig.

Samstarfið við EDF hefur gefið af sér aukinn þrýsting á íslensk stjórnvöld þar sem formaður og framkvæmdastjóri EDF ásamt formanni ÖBÍ skrifuðu bréf til íslenskra stjórnvalda þar sem þrýst var á mikilvægi þess að samningurinn yrði fullgiltur. Í framhaldi af því kom mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins til Íslands og átti fundi með ÖBÍ og fleirum þar sem hann fékk ýmsar upplýsingar um stöðu mannréttindamála. Hann átti svo síðar fundi með fulltrúum stjórnvalda á ýmsum stjórnsýslustigum. Koma hans og ummæli fengu mikla athygli í fjölmiðlum.

EDF er með það til skoðunar að halda aðalfund EDF í maí 2017 á Íslandi. Það gæti verið leið til að þrýsta enn frekar á íslensk stjórnvöld að lögfesta SRFF og að vekja athygli á réttindamálum fatlaðs fólks í samhengi við SRFF.

Pakkir

ÖBÍ þakkar öllum þeim sem sitja í nefndum og ráðum fyrir bandalagið þá ómældu vinnu sem þetta fólk leggur á sig. Þátttaka félaga aðildarfélaganna í slíkum störfum er bandalaginu gríðarl-ega mikilvægt.

Umsagnir og athugasemdir

Árlega sendir skrifstofa ÖBÍ umsagnir við fjölda frumvarpa Alþingis sem tengjast málaflokki fatlaðs fólks. Einnig er nokkuð um að athugasemdir séu sendar til ráðuneyta. Á liðnum 12 mánuðum hefur eftirfarandi verið sent:

Umsagnir um frumvörp til Alþingis

- um húsnæðisbætur.
- um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 (hækkun lífeyris í 300 þús. kr.).
- um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2016.
- um breytingu á ýmsum lögum um happdrætti og talnagetraunir (framlenging starfsleyfis).
- um fjárlög 2016.
- um drög til lyfjalaga.
- um almennar íbúðir.
- um húsnæðisbætur.
- um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum.
- um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum (skilyrði fjárhagsaðstoðar). Endurflutt.
- um breytingu á lögum um málefni aldraðra, 125/1999.
- um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008.
- um breytingu á ákvæðum ýmissa laga um bann við mismunun (réttindi fatlaðs fólks).
- um spilahallir.
- um frumvarp til lyfjalaga.
- um frumvarp til lyfjalaga (heildarlög, EES-reglur).
- um námslán og námsstyrki.
- um sólarhringsmeðferð í öndunarvél á heimili sjúklinga.



Umsagnir til ráðuneyta

- um tillögu Mannvirkjastofnunar að skoðunarhandbókum.
- um tillögur að breytingum á byggingarreglugerð 112/2012.
- um drög að frumvarpi til breytingar á lögum um almannatryggingar.
- um stöðuskýrslu UPR vegna stöðu mannréttinda á Íslandi.

Umsagnir um þingsályktunartillögur

- um athugun á hagkvæmni lestarsamgangna.
- um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára.
- um bráðaaðgerðir til að tryggja öllum húsnæði á viðráðanlegum kjörum.
- um embætti umboðsmanns aldraðra.
- um sólarhringsmeðferð í öndunarvél á heimili sjúklinga.
- um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
- um skilyrðislausu grunnframfærslu (borgaralaun).
- um lyfjastefnu til ársins 2020.

Umsagnir til annarra

- um breytingu á byggingarreglugerð.
- um gæludýr í strætisvögnum.
- um drög að nýrri þjónustuyfirlýsingu um sameiginlega ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.
- um miðborgarstefnu.
- um þingmannatillögu Norðurlandaráðs um heyrnarskerðingu.

Frá nokkrum af viðburðum ÖBÍ



Ljósmynd: Finnur Þorgeirsson



Ljósmynd: Katrín Rós Calmon

Fulltrúar aðildarfélaganna Öryrkjabandalags Íslands á Stefnuþingi ÖBÍ sem haldið var 15. og 16. apríl 2016 í Hörpu



Ljósmynd: Lilja Þorgeirsdóttir



Ljósmynd: Finnur Þorgeirsson

Starfsmenn undirbúa afhendingu fundargagna fyrir Stefnuþing ÖBÍ

Málin rædd í fundarhléi á málþingi ÖBÍ á Hilton



MÓTMÆLI OG HVATNING

Tvær skjámyndir af sjónvarpsfréttum RÚV á alþjóðadegi fatlaðs fólks, 3. desember 2015



Ljósmynd: Katrín Rós Calmon

ÖBÍ buff - 1. maí 2016



Mótmæli skipulögð af Öryrkjabandalagi Íslands við Alþingishúsið 15. desember 2015. Krafist var hækkunar örorkulífeyris afturvirkir líkt og launþegar fengu í kjarasamningum 2015 og að fjármála- og forsætisráðherra stæðu við loforð sín 2013



ÖBÍ hélt málþing þann 26. apríl 2016 um greiðsluáttöku í heilbrigðiskerfinu

Fundarstjórn á aðalfundi ÖBÍ 2015

Sjónvarpsupptaka á einu af mörgum málþingum ÖBÍ



Kjarahópur ÖBÍ mótmælti fyrir utan Alþingi 3. desember 2015

Háborð á málþingi ÖBÍ um almannatryggingar og starfsgetumat sem haldið var 25. maí 2016

Rittúlkun á málþingi 2016

Málefnaþópur um aðgengi



Grétar Pétur Geirsson
formaður

Frá því að hópurinn tók til starfa haustið 2015 hefur mikill tími farið í að fjalla um fundi með embættismönnum og álitsgerðir. Vinna við byggingarreglugerð hefur tekið mestan tíma. Aðgengishópurinn sat fundi með fulltrúum umhverfisráðuneytis, Mannvirkjastofnunar og annarra stofnana þegar drög að breytingu á byggingarreglugerð voru lögð fram í byrjun árs. Hópurinn lagði fram umsögn um breytingartillögurnar og gerði grein fyrir henni á fundi velferðarnefndar Alþingis. Sæst var á allar helstu athugasemdir sem lagðar voru fram í umsögn málefnaþópsins. Þar fyrir utan hefur verið rætt við embættismenn um ýmis mál sem tengjast aðgengis- og ferlimálum, eins og ferðapjónustu fatlaðra. Lögð var fram umsögn um nýja þjónustulýsingu. Þá voru lagðar fram tillögur í tengslum við sumarhötun í Reykjavík og tillögur til forsvarsmanna Hörpu um aðgang að viðburðum. Umsögn var lögð fram um almenningsalerni í höfuðborginni, hópurinn hafði aðkomu að skipulagningu Menningarnætur og gaf álit á fyrirhuguðum framkvæmdum við Gamla bíó og Þjóðleikhúsið. Undirbúningur er hafinn að útgáfu leiðarvísis og málþings um gatnagerð og einnig vinna á grund-

velli áherslumála stefnuþings. Þrír fulltrúar málefnaþópsins sitja jafnframt í ferlinefnd Reykjavíkurborgar.

Málefnaþópur um aðgengi hélt 12 fundi. Hópurinn hélt einn viðburð á árinu sem var dagskrárliður á fundi Mannvirkjastofnunar með byggingarfulltrúum í lok október 2015. Stefán Vilbergsson hélt framsögu á fundinum í forföllum Grétars Péturs Geirssonar, formanns hópsins. Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður ÖBÍ og Inga Björk Bjarnadóttir héldu einnig framsögu. Flestir byggingarfulltrúar landsins sátu fundinn.

Samkvæmt ákvörðun stefnuþings ÖBÍ hefur hópurinn lagt áherslu á málefni tengd ferðapjónustu fatlaðra, aðgengisúttektir (aðgengiseftirlit) og textun í sjónvarpi.

Formaður, Grétar Pétur Geirsson
Starfsmaður, Stefán Vilbergsson

Rammi úr einu af sex myndböndum sem framleidd voru fyrir ÖBÍ haustið 2015 um mannréttindi fatlaðs fólks. Sjá nánari umfjöllun um myndböndin í skýrslu formanns og stjórnar, bls. 11



Fiðlutónlist heyrir út um gluggann

Málefnaþópur um atvinnu- og menntamál



Hjördís Anna Haraldsdóttir, formaður


Málefnaþópurinn fjallar um atvinnu- og menntamál skjólstaðinga ÖBÍ. Á tímabilinu frá desember 2015 til júní 2016 hafa verið haldnir 12 fundir og þann 8. september 2016 var haldið málþing um atvinnumál fólks með skerta starfsgetu. Stefnt er að því að halda annað málþing á vormisseri.

Í ljósi þeirrar ákvörðunar borgaryfirvalda að skólar flytji halla á rekstri ársins 2015 yfir á 2016 og áhrif þess á sérkennslu í skólum borgarinnar, fékk hópurinn Skúla Helgason, formann skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar á fund hópsins þar sem málin voru rædd og honum afhent minnisblað hópsins vegna málsins. Einnig fékk hópurinn Sabine Leskopf frá mannréttindaráði Reykjavíkurborgar til að ræða sama mál.

Fyrir stefnuþing ÖBÍ í apríl gerði hópurinn tillögur að tíu málefnum til að leggja áherslu á. Valið var að leggja áherslu á innleiðingu hvatningakerfis fyrir fyrirtæki og stofnanir um ábyrga samfélagsþátttöku, að gera einstaklingum kleift að nýta menntun sína og hæfileika og „fjölfalda“ Hringisjá.

Formaður, Hjördís Anna Haraldsdóttir
Starfsmaður, Þorbera Fjölvisdóttir

Málefnaþópur um sjálfstætt líf



Rúnar Björn Herrera
formaður

Málefnaþópurinn fjallar um sjálfstætt líf skjólstaðinga ÖBÍ. Á liðnu ári hefur hópurinn haldið 11 fundi.

Málefnaþópurinn um sjálfstætt líf hefur unnið að því að NPA (notendastýrð persónuleg aðstoð) verði lögfest. Hann hefur komið athugasemdum og sjónarmiðum á framfæri vegna þeirra breytinga sem standa yfir á lögum um málefni fatlaðs fólks. Innan hópsins hefur verið rætt um mikilvægi þess að gefa út gott kynningarefni um sjálfstætt líf. Samhugur er innan hópsins um slíka útgáfu. Í ár var fundað með stjórnendum Hörpu um sameiginlegar viðmiðunarreglur um hverjir fái ókeypis aðgang að viðburðum í menningarhúsinu.

Áætlað var að halda hálf dags málþing þar sem fjallað væri um innleiðingu NPA út frá mann-

réttinda- og hagræðingarsjónarmiðum. Málþing á vegum Velferðarráðuneytisins mun verða haldið um efnið og því er eitt af næstu verkefnum nefndarinnar að meta það hvort þörf sé á annars konar málþingi.

Stefnuþing ÖBÍ valdi þrjú málefni fyrir hópinn til að leggja helst áherslu á: NPA, Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og atvinnumál.

Formaður, Rúnar Björn Herrera
Starfsmaður, Sigurjón Unnar Sveinsson

Málefnaþópur um kjaramál



María Óskarsdóttir,
formaður

Málefnaþópurinn fjallar um kjaramál skjólstæðinga ÖBÍ. Á liðnu ári hefur hópurinn haldið 13 fundi og 8 viðburði. Þar á meðal voru viðburðir við Alþingishúsið 3. og 11. desember og síðan daglega frá 14. til 17. desember. Þar var áhersla lögð á kröfu um afturvirka hækkun lífeyris og að kynna kjör og stöðu lífeyrisþega. Þá var haldinn opinn fundur um kjaramál í apríl, þar var rætt um kjör og ímynd öryrkja. Þá kom hópurinn að undirbúningi fyrir 1. maí og tók þátt í kröfugöngunni þann dag.

Óskað var eftir leyfi til ræðuhalda 1. maí á þremur stöðum en það var aðeins samþykkt á Húsavík og því varð ekkert úr innleggi frá hópnum.

Kjarahópurinn birtir greinar í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu í ár og sendi frá sér áskorun um samstarf um útreikning kjara- og skattagliðnunar. Haft var samband við alla stjórnmaflokka sem eiga þingmenn á yfirstandandi þingi og óskað eftir að fá að vera með kynningarbás/borð á landsfundum þeirra. Kynningarbás var á landsfundum Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar.

Stefnuþing ÖBÍ valdi þrjú málefni fyrir hópin til að leggja helst áherslu á, leiðréttingu kjaragliðnunar, verulega hækkun persónuafsláttar og að lífeyrir almannatrygginga verði einstaklingsmiðaður og óháður sambúðarformi.

Formaður, María Óskarsdóttir
Starfsmaður, Sigríður Hanna Ingólfssdóttir

Málefnaþópur um heilbrigðismál



Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir
formaður

Málefnaþópurinn fjallar um heilbrigðismál fyrir skjólstæðinga ÖBÍ. Starf málefnaþópsins hefur til þessa að mestu leyti snúist um að gera umsagnir um þingmál, en fjöldi mála hefur verið lagður fram á tímabilinu. Fulltrúar hópsins hafa tvívegis verið kallaðir fyrir velferðarnefnd Alþingis. Auk þess fór talsverður tími í að leggja lokahönd á skýrslu um greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu og að skipuleggja málþing um sama efni. Hópurinn hefur haldið 10 fundi síðustu mánuði.

Í apríl stóð málefnaþópurinn fyrir málþingi um greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu. Gefin var út samnefnd skýrsla með áherslum ÖBÍ um greiðsluþátttöku. Á málþinginu kynnti Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir, formaður hópsins, skýrsluna. Margrét Björk Svavarsdóttir, sérfræðingur hjá Velferðarráðuneytinu og formaður starfshóps heil-

brigðisráðherra um nýtt greiðsluþátttökukerfi í heilbrigðisþjónustu, kynnti lagafrumvarp ráðherra og Gunnar Alexander Ólafsson rýndi í frumvarpið og benti á kosti og ókosti þess. Ellen Calmon, formaður ÖBÍ og María Óskarsdóttir, formaður kjarahóps ÖBÍ, bættust í pallborðsumræður. Málþingið og skýrslan fengu talsverða umfjöllun í fjölmiðlum. Fréttastofur RÚV og Stöð 2 sýndu frá málþinginu og tóku viðtöl, og flest dagblöð og netmiðlar birtu fréttir og greinar í kjölfar málþingsins. Um 90 manns sóttu málþingið.

Stefnuþing ÖBÍ samþykkti 3 málefni hópsins til að leggja áherslu á, heilsugæslu, hjálpartæki og þjálfun og greiðsluþátttöku.

Formaður, Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir
Starfsmaður, Stefán Vilbergsson

Kvennahreyfing ÖBÍ

Kvennahreyfingin og Tabú, feminísk fötlunarhreyfing, sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu vegna umræðu í fjölmiðlum um móttöku flóttafólks þar sem því var mótmælt að mannréttindabrot gagnvart fötluðu fólki væru notuð sem afsökun af hálfu stjórnmalafólks fyrir því að taka ekki á móti flóttafólki.

Í nóvember fóru fatlaðar konur úr kvennahreyfingunni og Tabú í kröfugöngu í ljósi þeirra atburða sem áttu sér stað á Nýja-Bæ og sagt var frá í fjölmiðlum, rannsókna sem liggja fyrir um háa tíðni ofbeldis gagnvart fötluðum konum og brotalamir réttarkerfisins þegar kemur að ofbeldi gagnvart fötluðum konum. Innanríkisráðherra, velferðarráðherra og Alþingi voru færð kröfuskjöl.

Á vormisseri tók hreyfingin þátt í að halda námskeið fyrir fatlaðar konur í samstarfi við Tabú. Námskeiðið stóð í 10 vikur og ríkti mikil ánægja með það meðal þeirra kvenna sem tóku þátt.

Að venju tóku konur frá hreyfingunni þátt í dagskrá 8. mars sem er alþjóðlegur baráttudagur kvenna fyrir friði og jafnrétti.

Konur innan hreyfingarinnar sóttu málþing og ráðstefnur um málefni sem tengjast lífi fatlaðs fólks. Kvennahreyfing ÖBÍ heldur úti virkri Facebook síðu þar sem vakin er athygli á ýmsu því er snertir líf fatlaðra og langveikra kvenna.

Talskona, Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir
Starfsmaður, Þorbera Fjölvisdóttir

Ungliðahreyfing ÖBÍ

Ungliðahreyfing ÖBÍ var stofnuð í ágúst 2015 og er fyrir fólk á aldrinum 18 – 35 ára sem er með skerðingar, langvinna sjúkdóma eða raskanir. Hreyfingin er hugsuð sem vettvangur fyrir ungt fólk til að vinna að sínum hagsmunamálum og öðlast rödd innan bandalagsins.

Hreyfingin hefur fengið til sín gesti með ýmsan fróðleik. Erikur Smith, fötlunarfræðingur, kynnti fötlunarfræði og þá hugmyndafræði sem hún byggir á. Alma Ýr Ingólfssdóttir, lögfræðingur, kynnti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Sigga Dögg, kynfræðingur, fjallaði um ýmsar hliðar kynlífs. Sigríður Hanna Ingólfssdóttir, félagsráðgjafi ÖBÍ, kynnti greiðslur almannatrygginga til örorkulífeyrisþega og Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, garðyrkjugúrú, kom og deildi garðyrkjuleyndarmálum sínum með hópn-

um. Auk þess hafa verið haldin tvö skemmtikvöld og tveir kaffihúshitningar.

Fulltrúar hreyfingarinnar fóru á fund hjá Evrópu unga fólksins þar sem kynntir voru möguleikar á ungmennaskiptum. Ungliðahreyfingin tók á móti hópi frá Eistlandi sem kom hingað til lands til að kynna sér möguleika fatlaðra ungmenna á þátttöku í tómstundastarfi.

Meðlimir hreyfingarinnar eiga sæti í málefnaþópum ÖBÍ og tóku þátt í stefnuþingi bandalagsins sem fulltrúar sinna félaga.

Talsmaður, Andri Valgeirsson
Talskona, Áslaug Ýr Hjartardóttir
Starfsmaður, Þorbera Fjölvisdóttir

Hvatningarverðlaun ÖBÍ 2015

Hvatningarverðlaun ÖBÍ eru veitt þeim sem hafa með störfum sínum stuðlað að einu samfélagi fyrir alla. Verðlaunaafhending fer fram ár hvert þann 3. desember á alþjóðadegi fatlaðs fólks. Starf undirbúningsnefndar Hvatningarverðlaunanna felst í að kalla eftir tilnefningum frá aðildarfélögum ÖBÍ og almenningi, sjá um úrvinnslu tilnefninga til dómnefndar og undirbúa og skipuleggja hátíðardagskrá þann 3. desember þegar verðlaunin eru veitt.

Nefndin fundaði ásamt starfsmanni sínum, Báru Snæfeld, 8 sinnum á árinu. Tilnefningar voru 102 til 64 aðila þetta árið. Hvatningarverðlaunahátíðin var haldin í Silfurbergi í Hörpu og var öll hin glæsilegasta, öll aðstaða eins og best verður á kosið.

Veislustjóri á hátíðinni var Gísli Einarsson sjónvarpsmaður. Dómnefnd verðlaunanna skipuðu: Sveinn Magnússon, Guðríður Ólafía Ólafsdóttir, María Þorsteinsdóttir, Andri Valgeirsson, Auður Guðjónsdóttir og varamennirnir Jarþrúður Þórhallsdóttir, Snædís Rán Hjartardóttir og Bergþór Pálsson. Tilnefningum hefur fjölgað mjög síðustu

ár og ber það vitni um aukinn áhuga og vitund fólks um málefni fatlaðs fólks.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, verndari Hvatningarverðlaunanna, afhenti þau. Viljum við þakka öllum þeim fjölmörgu sem lögðu sitt af mörkum til að gera þennan dag svo hátíðlegan og ánægjulegan.

Formaður undirbúningsnefndar Hvatningarverðlauna ÖBÍ, Sigrún Birgisdóttir



Verðlaunagripur eftir Þórunni Árnadóttur

Ljósmynd: Einar Ólason



Ljósmynd: Ljósmyndastofa Rutar

Hvatningarverðlaun ÖBÍ 2015 hlutu:

- **Í flokki einstaklinga:**
Brynjar Karl Birgisson fyrir Lego verkefnið „Titanic“ og söguna „Minn einhverfi stórhugur“.
- **Í flokki fyrirtækja/stofnana:**
Sjónarhóll ráðgjafarmiðstöð fyrir ráðgjöf og dyggan stuðning við réttindabaráttu foreldra barna með sérparfir.
- **Í flokki umfjöllunar/kynningar:**
Snædís Rán Hjartardóttir fyrir baráttu sína við stjórnvöld vegna synjunar á túlkapjónustu.

Verðlaunahafar ásamt forseta Íslands, formanni og framkvæmdastjóra ÖBÍ og formanni undirbúningsnefndar Hvatningarverðlauna ÖBÍ



Stofnaður 1965 • Stöðugildi 13,75 • Stjórnarmenn 5

BRYNJA Hússjóður Öryrkjabandalagins (ÖBÍ) er sjálfseignarstofnun sem ætlað er að eiga og reka félagslegt leiguhúsnæði fyrir öryrkja. Sjóðurinn var stofnaður 1. nóvember 1965. Á árinu 2015 hefur verið fram haldið sömu stefnu uppbyggingar og fylgt hefur verið á síðustu árum.

Rekstur

Rekstur ársins var svipaður á árinu 2015 og undanfarin ár. Rekstrartekjur voru samtals 823,3 m.kr. árið 2015 og hækkuðu um 3,4% frá árinu áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld var 294,5 m.kr. samanborið við 305,4 m.kr. árið 2014. Tap var 16,4 m.kr eftir afskriftir samanborið við 22,2 m.kr. hagnað árið 2014.

Afkoma ársins eftir fjármagnsliði og óreglulegar tekjur var 85,9 m.kr. tap samanborið við 16,4 m.kr. tap árið 2014.

Efnahagur

Eiginfjárlutfall í árslok 2015 var 67,4% samanborið við 65,9% árið 2014. Heildareignir í árslok 2015 voru 16,4 milljarðar króna og hækkaði mat heildareigna sjóðsins um 1.581 m.kr. á árinu. Heildarskuldir voru 5,3 milljarðar króna í árslok 2015 og af því voru vaxtaberandi skuldir 4,4 milljarðar króna.


Kaup og sala íbúða

Árið 2015 voru keyptar og byggðar fleiri íbúðir en venja er eða 36, flestar á höfuðborgarsvæðinu. Á sama tíma fækkaði íbúðum um 6 í Hátúni 10 með sameiningu íbúða.

Tafla 1 – Kaup á íbúðum árið 2015.

Meðalstærð

Fjöldi	Lyfta	Bílageymsla
2 herb.	16	15 3
3 herb.	7	5 3
4 herb.	2	1 1
Raðhús	11	
	36	21 7



Frá árinu 2008 hafa verið keyptar samtals 181 nýjar íbúðir sem er að jafnaði 22-23 íbúðir á ári en á sama tíma hefur íbúðum í Hátúninu fækkað um 38.

Einnig hefur verið lögð áhersla á að selja einbýlishús sem hafa verið notuð fyrir herbergjasambýli á vegum ríkis og sveitarfélaga. Alls er búið að selja 6 slík hús á árunum 2008-2015.

Íbúðir BRYNJU Hússjóðs


Vegna sölu og sameiningar íbúða í Hátúni var heildarfjöldun íbúða 29 á milli ára, nokkru minni en fjöldi keyptra og byggðra íbúða.

Tafla 2 – Fjöldi íbúða í árslok hvers árs.

Íbúðir Brynju Hússjóðs						
Ár	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Fjöldi íbúða	708	724	742	751	752	781

Sem fyrr eru langflestar íbúðir BRYNJU Hússjóðs í Reykjavík og nágrennasveitarfélögum. Fjöldi íbúða í Reykjavík stóð í stað á milli ára á meðan íbúðum fjölgaði í Hafnarfirði, Garðabæ og Reykjanesbæ. Tafla 4 sýnir skiptingu íbúða eftir sveitarfélögum og þróun milli ára.

Fjöldi íbúða í Hátúni 10



Tafla 3 – Breyting á gerð íbúða milli ára sem hlutfall af fjölda.

Gerð íbúða	2010	2015
Einstaklingsíbúðir	23,5%	16,4%
2ja herbergja	52,8%	55,6%
3ja herbergja	12,3%	14,0%
4ra herbergja	4,6%	4,7%
5 herbergja	1,0%	1,0%
Raðhús (2-3 hb)	4,1%	7,1%
Einbýli	0,3%	0,4%
Sérhæft húsnæði	1,4%	0,8%

Tafla 4 – Fjöldi íbúða miðað við 31. desember.

Sveitarfélög-landshluti	2014	2015
Reykjavík	473	476
Hafnarfjörður	67	87
Kópavogur	43	43
Akureyri – Húsavík	40	40
Garðabær	19	23
Selfoss / Hveragerði	17	18
Reykjanes/Suðurnes	25	28
Austurland	14	14
Borgarbyggð	11	11
Akranes	14	14
Vestfirðir	6	6
Mosfellsbær	10	11
Vestmannaeyjar	5	5
Seltjarnarnes	3	3
Höfn	2	2

Framkvæmdir

Eins og undanfarin ár voru miklar framkvæmdir í Hátúni 10 og íbúðum úti í bæ. Þar má nefna samningu íbúða í Hátúni 10a og 10b og undirbúning framkvæmda á þakíbúðum í Hátúni 10, 10a og 10b. Endurnýjun tengibyggingar er nánast að ljúka og er öll tengibyggingin komin í útleigu að nýju eftir að stór hluti hennar losnaði við brottflutning Örtækni og skrifstofu ÖBÍ. Einnig voru margar íbúðir gerðar upp sem komu inn því skipt var um leigutaka.

Stofnframlög

Ný lög um aðgerðir í húsnæðismálum voru samþykkt vorið 2016. Í þeim felst að félög sem eru rekin án hagnaðar geta sótt um allt að 44% af kaupverði eða byggingarkostnaði. Brynja Hússjóður hefur nú þegar sótt um framlög fyrir 20 íbúðum fyrir árið 2016, 67 íbúðum á árinu 2017 og 6 íbúðum 2018.

Leiguverð

Leiguverð BRYNJU Hússjóðs er sem fyrr hagstætt í samanburði við aðra kosti á leigumarkaði. Hefur leiguverð verið í kringum 60% af leiguverði á markaði, en leiguverð á almennum markaði hækkaði um 2,7% umfram leiguverð hjá BRYNJU Hússjóði á árinu 2015.

Leigusamningar

Fjöldi nýrra leigusamninga árið 2015 nam alls 69 og þar af eru 29 vegna milliflutnings. Á síðastliðnum árum hefur færst í vöxt að leigjendur nýti sér þann kost að óska eftir milliflutningi, en sveigjanleiki þar að lútandi hefur aukist til muna.

Tafla 5 – Nýir leigusamningar á ári.

Umsóknir um íbúðir	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Ár						
Fjöldi. samn.	92	91	101	83	90	69

Í lok desember 2015 voru 302 á biðlista eftir húsnæði, sem er 54% aukning milli ára. Að jafnaði hafa innan við 200 umsækjendur verið á biðlista síðustu árin og er því hér um verulega breytingu að ræða á einungis 12 mánuðum. Biðtími eftir húsnæði hefur af þessum sökum lengst nokkuð og er nú að jafnaði 18-30 mánuðir.



Stofnuð 2002 • Starfsmenn 21 • Verktakar 5-10

Fjölmennt er símenntunar- og þekkingarmiðstöð fyrir fólk frá 20 ára aldri sem er með þroskahömlun, á einhverfurófi eða með geðfötlun. Starfsemi Fjölmenntar skiptist í tvær deildir, símenntunar- og ráðgjafardeild. Símenntunardeildin sér um námskeiðahald. Þar eru námskeiðin tvískipt, annars vegar námskeið fyrir fólk með þroskahömlun og fólk á einhverfurófi og hins vegar námskeið fyrir fólk með geðfötlun.

Fjölmennt starfar á landsvísu og gerir samninga við allar símenntunarstöðvar á landsbyggðinni um námskeiðahald fyrir markhóp Fjölmenntar á viðkomandi svæði. Fjölmennt er einnig í samstarfi við Mími-símenntun um námskeiðahald fyrir fólk með þroskahömlun á höfuðborgarsvæðinu. Nám fyrir fólk með geðfötlun fer að mestu leyti fram utan húsnæðis Fjölmenntar en skipulagning og utanumhald er hjá Fjölmennt.


Hjá ráðgjafardeild Fjölmenntar starfa tveir ráðgjafar. Þeir veita ráðgjöf til nemenda Fjölmenntar og umboðsmanna þeirra og sjá um kennslufræðilega ráðgjöf. Einnig veita þeir öðrum símenntunar-

aðilum ráðgjöf um skipulagningu og framkvæmd náms fyrir fatlað fólk.

Markmið Fjölmenntar er að bjóða fötluðu fólki fjölbreytta símenntun og ráðgjöf varðandi nám. Jafnframt að stuðla að því að aðrir símenntunaraðilar bjóði námskeið sem henta fötluðu fólki og aðstoða við að setja upp slík námskeið.

Fjölmennt hefur á síðustu árum tekið þátt í ýmsum verkefnum, þar á meðal kynningu á Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þátttöku í List án landamæra og gerð sjónvarpsþáttanna Með okkar augum. Þá hefur Fjölmennt tekið samskiptamiðla upp á sína arma og heldur uppi Facebook síðunni Fjölmennt.


Gildi Fjölmenntar eru:
Jafnræði – Samskipan – Virðing – Fjölbreytni
Fullgild þátttaka – Metnaður – Framþróun



Aníta, námsmat



Árni Bjarnason með spjaldtölvu



Bjarki spilar á iPad

Fjölmennt • Vínlandsleið 14 • 113 Reykjavík • sími 530 1300 • fjolmennt@fjolmennt.is
www.facebook.com/Fjolmennt/ • www.fjolmennt.is
Formaður: Gerður Aagot Árnadóttir • Forstöðumaður: Helga Gísladóttir



Hringsjá

Náms- og starfsendurhæfing

Stofnuð 1987 • Starfsmenn 24

Hringsjá er ætluð einstaklingum 18 ára og eldri sem hafa verið frá vinnumarkaði eða námi vegna slysa, veikinda, félagslegra erfiðleika eða annarra áfalla. Hringsjá getur líka hentað þeim sem eru með litla grunnmenntun eða hafa átt erfitt með að tileinka sér hefðbundið nám. Endurhæfingin felst í einstaklingsmiðuðu námi í formi styttri námskeiða eða einingarbæru námi með sérhæfðri ráðgjöf og stuðningi. Markmiðið er að einstaklingar fari út á vinnumarkað og/eða í áframhaldandi nám eftir náms- og starfsendurhæfingu hjá Hringsjá.

Hringsjá er með þjónustusamning við Vinnu-
málastofnun og VIRK starfsendurhæfingarsjóð. Kaupendur á liðnu ári voru Vinnu-
málastofnun, VIRK starfsendurhæfingarsjóður, Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, önnur sveitafélög, aðrar starfsendurhæfingarstöðvar og aðrir samstarfsaðilar.

Á árinu 2015 fékk Hringsjá viðurkenningu frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem aðili til að annast framhaldsfræðslu á Íslandi. Viðurkenningin byggist á mati á aðstöðu til

kennslu, skipulagi náms, námskrám, þekkingu, reynslu, fjárhagsmálefnum, tryggingum og gæðakerfi.

Starfsárið 2015 voru þróuð ný námskeið, aukin áhersla var lögð á náms- og starfsfræðslu og tengingu við atvinnulífið og haldið var áfram að auka tækifæri nemenda til að njóta lista og menningarlífs, bæði með heimsóknum og einnig var fjölmörgu listafólki boðið heim.

Á árinu 2016 verður áfram unnið að því að tryggja fjárhagslegan sem og faglegan grunn Hringsjár ásamt því að efla þjónustu, árangur og gæði starfseminnar. Á árinu er stefnt að því að Hringsjá verði sjálfseignarstofnun sem hefur það markmið að veita fjölbreytta og þverfaglega starfsendurhæfingu.

Gildi Hringsjár eru:
Virðing – Skilningur – Fagmennska



Útskriftarhópur Hringsjár

Hringsjá • Hátún 10d • 105 Reykjavík • sími 510 9380 • hringsja@hringsja.is
www.facebook.com/hringsja
www.hringsja.is
Formaður: Halldór Sævar Guðbergsson • Forstöðumaður: Helga Eysteinsdóttir



Stofnuð 1986 • Starfsmenn 22

Tilgangur Íslenskrar getspár er að reka talna- og/ eða bókstafagetraunir (lottó) í samræmi við lög nr. 26/1986 og reglugerðir í því skyni að afla fjár til eflingar íþróttum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan ÍSÍ og UMFÍ og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum ÖBÍ eða aðra starfsemi þess í þágu öryrkja.

Gildi félagsins snúa að heiðarleika, trausti og gleði samfara þátttöku neytenda í leikjum okkar og þakklæti til þeirra fyrir stuðning við stærstu fjölda-hreyfingu á Íslandi. Rekstur Getspár gekk vel á síðasta ári og voru allar helstu kennitölur í rekstri hagfelldar. Reksturinn kom í heildina vel út. Útgjöld voru innan áætlana.

Ástæða er til að vara eignaraðila við að hagnaður aukist áfram jafn hratt og verið hefur. Lottórekstur gengur jafnan í 5-7 ára bylgjum og velta og hagnaður félagsins hefur aukist jafnt og þétt. Nýir leikir eru ekki í sjónmáli þó auðvitað verði kappkostað að halda rekstri Íslenskrar getspár stöðugum. Því er mikilvægt að hreyfingarnar sem standa að félaginu fari ekki fram úr sér í tekjuáætlunum sínum.

Framundan eru spennandi tímar vegna fjárfestingar í nýjum búnaði. Í hönd fer þriðja stóra fjárfestingarárið af fjórum. Sú leið var farin að jafna álag og fjárbindingu með hag eigenda að leiðarljósi þannig að þeir fyndu ekki fyrir breytingum á arðgreiðslum á tímabilinu. Alþingi samþykkti með afgerandi hætti framlengingu á starfsleyfi Getspár til ársins 2034. Það er góður áfangasigur því enn er sótt að fyrirtækinu af ýmsum aðilum. Önnur happdrættisfyrirtæki, sem bjóða upp á hættulega leiki, sækja stift að komast með sínar vörur á netið. Slíkt hefði klárlega áhrif á tekjustreymi Getspár og Getrauna.

Nýjar auglýsingar Lottó sem unnar voru í samvinnu við ÖBÍ og með þátttöku öryrkja hafa vakið jákvæð viðbrögð og verðskuldaða athygli. Fyrir það erum við þakklát.

Fulltrúar ÖBÍ í stjórn Getspár eru Vífill Oddsson og Þóra Þórarinsdóttir.



Íslensk getspá

Íslensk getspá • Engjavegur 6 • 104 Reykjavík • sími 580 2500 • info@getspa.is • www.lotto.is
 www.facebook.com/eurojackpotaislandi/ • www.facebook.com/lotto.is/
 www.facebook.com/Lengjan-204550708915/ • www.facebook.com/islenskargetraunir • Twitter@gettraunir
 Formaður: Lárus Blöndal • Framkvæmdastjóri: Stefán Konráðsson



Stofnuð 1985 • Starfsmenn 1

TMF Tölvumiðstöð er sjálfstæð stofnun þar sem boðið er upp á ráðgjöf, fræðslu og námskeið á sviði upplýsingatækni. TMF Tölvumiðstöð hét áður Tölvumiðstöð fatlaðra en árið 2011 fékk miðstöðin nýtt nafn. TMF stendur fyrir Tækni, Miðlun, Færni.

Aðildarfélag TMF eru Blindrafélagið, Landssamtökin Þroskahjálp, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Öryrkjabandalag Íslands.

Á TMF er veitt einstaklingsmiðuð ráðgjöf, fræðsla til minni hópa og haldin námskeið og fyrirlestrar á ráðstefnum. Á síðasta starfsári voru alls 147 komur á TMF vegna ráðgjafar í tengslum við einstök mál.


Á hverju ári eru hönnuð ný námskeið í takt við strauma og stefnur hvers tíma. Við teljum það líka vera okkar hlutverk að benda á nýjungar og nýjar leiðir til að nýta búnað. Hægt er að óska eftir námskeiðum sniðnum að þörfum einstakra hópa.

Á síðasta starfsári var boðið upp á 9 mismunandi námskeiðstitla, haldin voru 30 námskeið með alls 362 þátttakendum.

AAC-Teymið er eitt samstarfsverkefna TMF. Það er samvinna um að efla AAC (Augmentative and Alternative Communication) eða óhefðbundnar tjáskiptaleiðir á Íslandi. Markmiðið er vitundarvakning hjá talmeinafræðingum og almennt um mikilvægi ACC, möguleika og tækni. Þá tekur TMF þátt í Nordic Thinktank, norrænu verkefni um velferðartækni á vegum Norrænu Velferðarmiðstöðvarinnar (NVC). Markmið þess er að kortleggja helstu áskoranir við innleiðingu nýrrar velferðartækni, koma með tillögur til stjórnvalda og stjórnsýslu til að liðka fyrir innleiðingu nýrrar tækni.

Félagsmálaráðuneytið (nú Velferðarráðuneyti) gerði þjónustusamning við Tölvumiðstöðina 1998. Ekki hefur tekist, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir í gegnum árin að endurnýja þann samning. Með flutningi málaflokks fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga var gert tímabundið samkomulag um að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga annist úthlutun og greiðslur framlagsins til TMF Tölvumiðstöðvar.

Helstu sértekjur TMF eru tekjur af námskeiðum sem haldin eru og styrkir sem fengnir eru til ýmissa verkefna.



TMF Tölvumiðstöð • Háaleitisbraut 13 • 108 Reykjavík • sími 562 9494 • sigrun@tmf.is
 www.facebook.com/tolvumidstod/ • www.tmf.is
 Formaður: Halldór Sævar Guðbergsson • Forstöðumaður: Sigrún Jóhannsdóttir



Stofnað 1976 • Starfsmenn 36

Örtækni framleiðir, flytur inn og selur rafmagns- og rafeindabúnað. Fyrirtækið annast einnig tölvuviðgerðir og viðgerðir á rafeindatækjum. Þá annast Örtækni verktakastarfsemi í ræstingaþjónustu.

Fyrirtækið veitir örorkulífeyrisþegum þjálfun til starfa á almennum vinnumarkaði og viðvarandi framtíðarstörf við hæfi. Markmiðið með rekstrinum er að selja vandaða vöru og veita framúrskar-

andi þjónustu á sviði rafmagns- og rafeindaiðnaðar. Stefnt er að því að ná sömu markmiðum í ræstingastarfsemi.

Örtækni er með þjónustusamning við Vinnuárástofnun um tiltekinn fjölda örorkulífeyrisþega. Atvinnusvæði Örtækni er höfuðborgarsvæðið, en starfsemi þess stendur fólki til boða hvaðan sem er af landinu.



Rafnkell og Stefán



Ræsting í Hátúni - Guðmundur, Gunnar, Elín, Matthildur og Aldís



Kristinn



Embla - Haukur í baksýn

Örtækni • Hátún 10c • 105 Reykjavík • sími 552 6800 • ortækni@ortækni.is
www.facebook.com/ortækni • www.ortækni.is
 Formaður: Grétar Pétur Geirsson • Forstöðumaður: Þorsteinn Jóhannsson

ADHD samtökin

Stofnuð 1988 • Félagsmenn 2.400 • Starfsmenn 1,5 • Stjórnarmenn 7 • Varamenn 2

Markmið ADHD samtakanna er að börn og full-orðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra og bæti möguleika í námi og starfi og almenn lífsgæði. Í félaginu er fólk með ADHD, foreldrar barna með ADHD og einnig fagfólk, velunnarar og áhugafólk um röskunina.

Tilgangur samtakanna er að veita fólki með ADHD, aðstandendum og fagfólki fræðslu, ráðgjöf og stuðning. ADHD samtökin halda námskeið, miðla upplýsingum, gefa út fræðsluefni og sinna réttinda-gæslu og baráttu fyrir bættri löggjöf í málefnum fólks með ADHD. Samtökin eiga gott samstarf við helstu fagaðila hér á landi og einnig nána samvinnu með ADHD samtökum á Norðurlöndum.

ADHD samtökin stefna að því að verða samþykkt sem fyrsta stigs þjónusta, að eiga sæti í öllum nefndum og vinnuhópum sem fjalla um ADHD í opinbera kerfinu, að gerður verði þjónustu- eða samstarfssamningur við ríkið og að fræðslu um ADHD verði komið inn í kennaranám og fræðslu fyrir fleiri fagstéttir. Þá verði útgáfustarfsemi aukin.



Afhending endurskinsmerkja 2015

ADHD samtökin • Háaleitisbraut 13 • 108 Reykjavík • sími 581 1110 • adhd@adhd.is • www.adhd.is
www.facebook.com/groups/205709759542868/ (Facebook síða ADHD á Norðurlandi)
www.facebook.com/ADHDsamtokin/ • Formaður: Elín Hoe Hinriksdóttir • Framkvæmdastjóri: Þröstur Emilsson

ALZHEIMER SAMTÖKIN

Stofnuð 1985 • Félagsmenn 1.246 • Starfsmenn 3 í 2,6 stöðugildum • Stjórnarmenn 5 • Varastjórn 2

Helstu verkefni Alzheimersamtakanna eru að fræða og styðja aðstandendur fólks með heilabilun og upplýsa þá um þjónustu og þau úrræði sem völ er á. Hlutverk samtakanna er að gæta hagsmuna skjól-stæðinga sinna sem eru einstaklingar með heilabilun og aðstandendur þeirra. Fræðsla og ráðgjöf eru lykilhlutverk og fer það starf fram um allt land með liðsinni tengiliða sem starfa á landsbyggðinni.

Á Alzheimerdeginum, 21. september, ár hvert er haldin málstofa þar sem tekin eru fyrir þau mál-

efni sem í brennidepli eru á hverjum tíma. Áhersla er lögð á samvinnu aðstandenda og fagfólks í starfsemi samtakanna, ásamt því að halda tengslum við erlenda samstarfsaðila svo viðhalda megi þekkingu á sviði sjúkdómsins.

Samtökin reka sérhæfða dagdvöl í Fríðuhúsi og Maríuhúsi í Reykjavík og Drafnarhúsi í Hafnarfirði. Þar eru 62 dvalarpláss. Þá standa samtökin fyrir samverustundum fyrir aðstandendur og fyrirlestrum fyrir ýmsa hópa.

Alzheimersamtökin • Hátún 10 • 105 Reykjavík • sími 533 1088 • faas@alzheimer.is
www.facebook.com/alzheimersamtokin/ • www.alzheimer.is
 Formaður: Árni Sverrisson • Framkvæmdastjóri: Svava Aradóttir



Astma- og
ofnæmisfélagið

Stofnað 1974 • Félagsmenn 987 • Starfsmenn 1 í 30% starfi • Stjórnarmenn 5 • Varamenn 2

Markmið félagsins er að styðja við bakið á fólki með astma og ofnæmi og veita því og aðstandendum þess faglega fræðslu og samtal eftir þörfum. Félagið beitir sér í hagsmunagæslu fyrir sína skjólstaðinga.

Félagið og fagaðilar innan þess annast fræðslu um astma og ofnæmi og eru ráðgefandi fyrir yfirvöld, skóla og fyrirtæki í þeim efnunum. Félagið heldur einnig námskeið fyrir starfsmenn mótuneyta og eldhúsa og hafa yfir 100 manns sótt þau.

Astma- og ofnæmisfélag Íslands gefur út fræðsluefni og fréttabréf og býður til viðburða, þar á meðal eru Astmadagurinn og árlegt jólaball. Umsvif félagsins aukast jafnt og þétt, meðal annars samstarf við systurfélög á Norðurlöndum og við Evrópusamtökin – EFA.

Stefna félagsins er að gera starfsemina enn sýnilegri og til þess verða samskiptamiðlar á borð við Facebook notaðir í ríkari mæli. Þörf fyrir faglega upplýsingagjöf um astma og ofnæmi er að aukast vegna ferðalaga Íslendinga, straums ferðamanna til landsins, breytinga og hlýnunar í umhverfi okkar sem og breyttra krafna minnihlutahópa um aðgengi gæludýra að almenningssamgöngum.

Mikilvægt er að veita ítarlegar upplýsingar til þeirra sem eru með bráðaofnæmi fyrir gæludýrum, frjókornum, ilm- og þrífaefnum sem og fæðutegundum á borð við hnetur. Einnig að auka skilning og meðvitund samfélagsins um ábyrgð okkar allra. Fræða þarf stjórnvöld, fyrirtæki og fólk í ferðapjónustu sérstaklega.

Astma- og ofnæmisfélag Íslands • Síðumúli 6 • 108 Reykjavík • símar 560 4814 / 552 2150 • ao@ao.is
www.facebook.com/Astmaofnaemisfelagid/ • www.ao.is
Formaður: Fríða Rún Þórðardóttir



Stofnað 1958 • Félagsmenn 683 • Starfsmenn 300 • Stjórnarmenn 10

Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna og reka þjónustu til stuðnings fólki með þroskahömlun. Ás er aðstandendafélag en allir geta verið með í starfi þess, fatlaðir, foreldrar, aðstandendur, fagfólk og starfsmenn.

Félagið kappkostar að veita sem ákjósanlegust skilyrði til að hver og einn geti nýtt hæfileika sína og leggur áherslu á að sem flest almenn tilboð standi til boða. Félagið hefur komið á fót heimil-

um og vinnustöðum fyrir þá sem þess þurfa og rekur slíka staði þegar ástæða er til.

Ás styrktarfélag stendur fyrir frumkvæði til athafna. Sveigjanleika til að mæta hinu óvænta í lífi og starfi einstaklinga og félags en ekki síst vill félagið veita gæðapjónustu sem felur í sér virðingu fyrir sjálfstæði og mannlegri reisn. Ævinlega leggur það ríka áherslu á samvinnu sem byggist á trausti milli aðila.

Ás styrktarfélag • Ögurhvarf 6 • 203 Kópavogur • styrktarfelag@styrktarfelag.is • sími 414 0500
www.facebook.com/AsStyrktarfelag/ • www.styrktarfelag.is
Formaður: Guðrún Þórðardóttir • Framkvæmdastjóri: Þóra Margrét Þórarinsdóttir



Stofnað 1939 • Aðalfélagar 670 • Styrktarfélagar 4.400 • Stjórnarmenn 5 • Varamenn 4 • Starfsmenn 10

Blindrafélagið eru samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, mannréttindasamtök sem berjast fyrir því að blint og sjónskert fólk geti lifað sjálfstæðu, innihaldsríku og ábyrgu lífi. Því sé tryggður jafn réttur og jöfn tækifæri til ábyrgrar, virkrar og viðurkenndrar þátttöku í öllum þáttum samfélagsins.

Blindrafélagið veitir ýmsa þjónustu. Félagið annast ráðgjöf, selur hjálpartæki og leigir þau einnig út, annast ferðaþjónustu í samstarfi við sveitarfélög og Hreyfil og rekur styrktarsjóði og leiguíbúðir. Þá heldur félagið tómsundanámskeið, bingó, jólaskemmtanir og þorablót.

Meðal helstu hagsmunatengdra verkefna Blindrafélagsins eru vinna með Samning Sameinuðu þjóð-

anna um réttindi fatlaðs fólks, alþjóðastarf á sviði vísinda og forvarna í augnlækningum og verkefni tengd ferðaþjónustu- og aðgengismálum.

Félagið á fasteign að Hamrahlíð 17 í Reykjavík þar sem öll starfsemi félagsins fer fram. Þar er húsnæði leigt út til félagsmanna. Blindrafélagið rekur Blindravinnustofuna, sem stofnuð var árið 1941 og er til húsa að Hamrahlíð 17. Markmið Blindravinnustofunnar er að veita blindum og sjónskertum atvinnu, þjálfun og endurhæfingu til annarra starfa. Helstu verkefni eru að merkja og pakka hreingerningarvörur sem síðan eru seldar á smá-sölumarkaði. Þá tekur Blindravinnustofan að sér þökkunarverkefni af ýmsu tagi.

Blindrafélagið • Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • sími 525 0000 • blind@blind.is
www.facebook.com/blindrafelagid/ • www.blind.is
 Formaður: Sigbór U. Hallfreðsson • Framkvæmdastjóri: Kristinn Halldór Einarsson



Stofnað 1932 • Stjórnarmenn 5

Blindravinafélag Íslands er fyrsta góðgerðarfélag á Íslandi sem enn er starfandi. Starfsemi þess var frá upphafi tvíþætt, að veita hjálp til að fyrirbyggja blindu og að hjálpa blindum. Félagið var brautryðjandi að blindravinnu og blindraskóla hér á landi.

Félagið veitir styrki til ýmissa mála til hjálpar blindu og sjónskertu fólki. Það hefur styrkt myndbandsgerð, norrænar sumarþúðir, ráðstefnur og fleira.

Blindravinafélagið er ásamt Blindrafélaginu í stjórn sjóðsins Stuðningur til sjálfstæðis. Þá var Þórsteinssjóður stofnaður af Blindravínafélaginu árið 2006 í nafni Þórsteins Bjarnasonar, stofnanda Blindravínafélagsins. Tilgangur Þórsteinssjóðs er að styrkja blinda og sjónskerta til náms við Háskóla Íslands og til að efla rannsóknir sem aukið geta þekkingu á blindu og skertri sýn.

Blindravinafélag Íslands • Sæviðarsund 54 • 104 Reykjavík • sími 581 2144 • sund54@simnet.is
 Formaður: Helga Eysteinsdóttir



Stofnuð 1995 • Félagsmenn 335 • Stjórnarmenn 5 • Varamenn 2

CCU samtökin eru hagsmunasamtök sjúklinga með Crohn's (svæðisgarnabólgu) og Colitis (sáraristilbólgu). Helstu markmið samtakanna eru að styðja við fólk með sjúkdómana og stuðla að aukinni almennri vitund um þá. Félagið er með fjóra fræðslufundi á ári, gefur út fræðsluefni, miðlar upplýsingum og tengir sjúklinga saman gegnum netið.

CCU samtökin eru opin öllum sjúklingum með Crohn's og Colitis, aðstandendum þeirra, fagfólki og áhugasömum. Viðburðir á vegum samtakanna eru fyrir alla sem hafa áhuga á að taka þátt í starfseminni, hvort sem fólk vill mæta á fræðslufundi eða taka þátt í netspjalli.

Samtökin stefna að því að stækka félagið og gera félagið enn virkari þannig að þeir taki meiri þátt í starfseminni og að móta starfið. Þá er vonast til að ungliðahópur CCU samtakanna haldi áfram að stækka og eflast. Þannig verði samtökin og það sem þau standa fyrir sýnilegra í þjóðfélaginu.



20 ára afmælistálfing CCU samtakanna

CCU samtökin • Pósthólf 5388 • 125 Reykjavík • talhólf 881 3288 • ccu@ccu.is
www.facebook.com/pages/Crohns-og-Colitis-Ulcerosa-Samtökin/459204134113193 • www.ccu.is
 Formaður: Edda Svavarsdóttir



Stofnað 2007 • Félagsmenn 653 • Starfsmenn 2 • Stjórnarmenn 7

Markmið CP félagsins er að gæta hagsmuna hreyfihamlaðs fólks sem greinst hefur með Cerebral Palsy, eða heilalömun eins og það hefur verið þýtt. CP er algengasta orsök hreyfihömlunar hjá börnum og má búast við að 10 börn greinist með heilalömun á ári hverju á Íslandi.

Fötlun vegna CP er margbreytileg og einkenni mismunandi. Sumir með CP hreyfa sig og þroskast nánast eðlilega meðan aðrir þurfa aðstoð við næstum allar daglegar athafnir. Alvarlegar viðbótarfatlanir geta fylgt, þar á meðal flogaveiki og

greindarskerðing. CP félagið gætir hagsmuna fólks með CP og veitir fræðslu um heilalömun. Félagsmenn eru fatlað fólk, aðstandendur þess, fagfólk og allir sem hafa áhuga á starfsemi félagsins.

CP félagið rekur skrifstofu og heldur fundi og fyrirlestra um heilalömun. Það heldur einnig sumarháttíðir, annast samskipti við erlend CP félög og er aðili að CP Norden. Starfsemi CP félagsins er fjármögguð með félagsgjöldum og gjöfum fólks, félagasamtaka og fyrirtækja.

CP félagið • Háaleitisbraut 13 • 108 Reykjavík • sími 691 8010 • cp@cp.is
www.facebook.com/CP-félagið-106571978710/ • www.cp.is
 Formaður: Björn Valdimarsson



Einhverfusamtökin

Stofnuð 1977 • Félagsmenn 708 • Starfsmenn 1 • Verktakar 15 • Stjórnarmenn 5 • Varamenn 2

Markmið Einhverfusamtakanna er að vinna að bættum hag einhverfra og fræða einhverfa, aðstandendur þeirra og almenning um einhverfurófið, réttindi einhverfra, stuðningsúrræði og annað tengt einhverfu. Í félaginu er fólk á einhverfurófi, aðstandendur einhverfra, fagfólk og aðrir sem eru áhugasamir um einhverfu.

Einhverfusamtökin eru með stuðningshópa fyrir ungmenni og fullorðna á einhverfurófi ásamt stuðningshópum fyrir foreldra barna og ungmenna á einhverfurófi. Þá halda þau fræðslufundi og málþing sem eru opin öllum. Einhverfusam-

tökin eru aðilar að Evrópusamtökum einhverfra, Autism-Europe, og eru einnig í samstarfi við samskonar samtök á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Einnig eru þau aðili að Landssamtökunum Proskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands.

Einhverfusamtökin stefna að því að vera sýnileg og framsækin samtök. Markmið þeirra er að styrkja tengslanet sitt og miðla upplýsingum sem nýtast einhverfum, aðstandendum þeirra og öðrum sem hafa áhuga á að fræðast um einhverfu og hagsmunamál fólks á einhverfurófi.

Einhverfusamtökin • Háaleitisbraut 13, 2. hæð • 108 Reykjavík • sími 562 1590 • einhverfa@einhverfa.is
www.facebook.com/Einhverfusamtokin/ • www.facebook.com/groups/50753339967/ • www.einhverfa.is
www.instagram.com/einhverfusamtokin/ • Formaður: Ásta Birna Ólafsdóttir • Framkvæmdastjóri: Sigrún Birgisdóttir



Stofnað 1960 • Félagsmenn 183 • Stjórnarmenn 5 • Starfsmenn 7

Félag heyrnarlausra er hagsmunafélag sem veitir hvers konar ráðgjöf og álit sem snúa að mállefnum heyrnarlausra. Félagsmenn eru heyrnarlausir með íslenskt táknmál sem móðurmál og foreldrar barna sem reiða sig á íslenskt táknmál.

Helstu verkefni félagsins eru hagsmuna- og réttindagæsla, ráðgjöf, samskipti og forvarnarfræðsla á íslensku táknmáli. Félagið er í samstarfi við systursamtök á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu um réttindagæslu fyrir þá sem nota táknmál í daglegu lífi.

Starfsemi félagsins nær til allra heyrnarlausra, óháð aldri, fjölskyldna þeirra og aðstandenda, vina og vinnuveitenda. Allir geta óskað ráðgjafar til að bæta samskipti og til að afla upplýsinga um heyrnarlausu og heyrnarleysi. Félagið sér að til framtíðar þurfi að gera meiri kröfur um greiningu á lýðheilsu heyrnarlausra og berjast þurfi frekar fyrir bættu aðgengi að heilbrigðisþjónustu í táknmálsumhverfi. Þá þurfi að tryggja heyrnarlausum börnum viðeigandi máluppeldi og málumhverfi til að vaxa og dafna.

Félag heyrnarlausra • Þverholt 14, 3. hæð • 105 Reykjavík • sími 561 3560 • deaf@deaf.is
www.facebook.com/felagheyrnarlausra • www.deaf.is
 Formaður: Heiðís Dögg Eiríksdóttir • Framkvæmdastjóri: Daði Hreinsson




Stofnað 2003 • Félagsmenn 1.627 • Stjórnarmenn 4 • Starfsmenn 1

Félag lesblindra á Íslandi annast hagsmunagæslu fyrir lesblinda og aðstandendur þeirra. Félagar eru allir sem hafa áhuga á málefnum tengdum lesblindu. Félagið hefur það að leiðarljósi að vinna að samfélagi þar sem allir fá að nýta sína styrkleika.

Félagið veitir ráðgjöf til lesblindra, aðstandenda þeirra, kennara og annarra sem leita til félagsins. Það sér um að skipuleggja og halda námskeið um málefni tengd lesblindu, kynningarstarf og útgáfu fræðsluefnis.

Fjöldi félagsmanna hefur vaxið jafnt og þétt síðasta áratug og félagsmönnum fjölgað um sem nemur 120 á ári. Vonir standa til að svo verði áfram. Til næstu ára er horft til þess að starfið vaxi með fjölda félagsmanna og ráðgjöf verði aukin, sér í lagi á vinnumarkaði. Þá verði félagið gert enn sýnilegra á samfélagsmiðlum.

Félag lesblindra á Íslandi • Ármúli 7b • 108 Reykjavík • sími 534 5348 • fli@fli.is
www.facebook.com/lesblindir • www.youtube.com/user/lesblindir • www.fli.is
 Formaður: Guðmundur S. Johnsen • Framkvæmdastjóri: Snævar Ívarsson



Félag lifrarsjúkra

Stofnað 2012 • Félagsmenn 66 • Stjórnarmenn 6

Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna lifrarsjúkra og aðstandenda þeirra. Markmið félagsins er að annast fræðslu um lifrarsjúkdóma, auka skilning á þörfum lifrarsjúklinga og vera málsvari þeirra gagnvart heilbrigðisyfirvöldum.

Félagsmenn eru að mestu lifrarsjúklingar og aðstandendur þeirra, en aðrir sem eru áhugasamir um lifrarsjúkdóma og starfsemi félagsins eru einnig velkomnir.

Félagið hefur gefið út bæklinga og kynningarefni um lifrina og lifrarsjúkdóma en slíkt fræðsluefni var ekki til áður. Þá veitir félagið fræðslu um mál efni tengd lifrarsjúkum, heldur fræðslufundi og veitir aðstoð og upplýsingar um forvarnir tengdar lifrarsjúkdómum.

Félag lifrarsjúkra • Síðumúli 6 • 108 Reykjavík • sími 841 2376 • lifrin@lifrin.is
www.facebook.com/Félag-lifrarsjúkra-106295752827706/ • www.lifrin.is
 Formaður: Siggeir Þorsteinsson



Stofnað 1986 • Félagsmenn 349 • Stjórnarmenn 5 • Varamenn 2 • Starfsmenn 1

Markmið félagsins eru að gæta hagsmuna nýrnasjúkra og fræða almenning og sjúklinga um nýrnasjúkdóma, meðferð þeirra og félagsleg vandamál sem þeim fylgja. Félagið efnir til fræðslufunda í þeim tilgangi.

Félagið hefur safnað fé til styrktar fræðslustarfinu og bættri þjónustu við nýrnasjúka. Safnað hefur verið fyrir nauðsynlegum tækjum og búnaði á sjúkrahús hér á landi. Þá hefur félagið ræktað samband við systurfélög og samtök á Norðurlöndum og víða erlendis.

Félagsmenn eru nýrnasjúkir, aðstandendur þeirra og fagfólk. Félagar eru á öllum aldri. Boðið er upp á skemmtifundi í bland við fræðslufundi og viðburðir þá oftast sniðnir fyrir fjölskyldur.

Framtíðarverkefni félagsins er að styðja alla þá sem veikjast af langvinnum nýrnasjúkdómum og aðstandendur þeirra.

Félag nýrnasjúkra • Hátún 10 • 105 Reykjavík • sími 561 9244 • nyra@nyra.is
www.facebook.com/Felagnyrnasjukra/ • www.nyra.is
Formaður: Hannes Þórisson • Framkvæmdastjóri: Kristín Sæunnar- Sigurðardóttir



Stofnað 1994 • Aðalfélagar 19 • Styrktarfélagar 29 • Stjórnarmenn 5 • Varamenn 2 • Starfsmenn 1 í hálfu starfi

Tilgangur félagsins er að vinna að hagsmuna- og menningarmálum fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Helstu verkefni Fjólu eru að veita félögum ráðgjöf og halda fundi fyrir félagsmenn og aðra áhugamenn um samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Þá veitir félagið fræðslu og býður upp á ferðir með félagsmönnum.

Aðalfélagar í Fjólu geta einungis verið þeir sem eru 18 ára og eldri og eru með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og foreldrar barna með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Aðrir geta verið styrktarfélagar Fjólu.

Stefna félagsins er að innan tveggja ára verði ráðgjafarhluti hjá Fjólu minni en verið hefur þar sem félagið telur að ríkið ætti að sinna því verkefni betur. Ætlunin sé því að verja meiri tíma í félagsstarf, stuðning við hópa innan félagsins, hagsmunabaráttu og vöxt félagsins. Félagið hefur sett sér fimm markmið sem vinna á eftir næstu árin: Virðing, túlkajónusta, félagsþjónusta, hjálpartæki og fjáröflun.

Fjóra • Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • sími 553 6611 / 840 4665 • sjonogheyrn@simnet.is
www.facebook.com/Fjóra-Deafblind-Iceland-790302724353408/ • www.deafblind.is
Formaður: Snædís Rán Hjartardóttir



Stofnað 1966 • Félagsmenn 250 • Stjórnarmenn 5 • Varastjórn 3

Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra (FSFH) vinnur að hagsmunamálum heyrnarlausra og heyrnarskertra barna og ungmenna. Verkefni félagsins eru að efla þátttöku þeirra í þjóðfélaginu, í lýðræðissamfélaginu og félags- og atvinnulífinu, og styðja við aðstandendur þeirra í öllu því sem getur orðið til hagsbóta. Félagið leggur höfuðáherslu á allt sem snertir menntun og skólagöngu heyrnarlausra og heyrnarskertra barna og ungmenna.

Félagið er foreldra- og styrktarfélag og með greiðslu félagsgjalda fær fólk félagsaðild. FSFH

styrkir verkefni og viðburði fyrir heyrnarskerta og heyrnarlausra, það styður einnig skólaþróunarverkefni og verkefni sem stuðla að aukinni menntun fagfólks. Þá styður félagið með virkum hætti réttindabaráttu heyrnarlausra og heyrnarskertra fyrir dómstólum.

FSFH stefnir að aukinni samvinnu við Félag heyrnarlausra, Heyrnarhjálp og Fjólu um málefni á borð við gerð viðeigandi námsefnis fyrir þennan hóp og textun í sjónvarpi. Þá verði samvinna þessara félaga meiri í málum sem varða brot gegn fólki í hópi heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra • Pósthólf 8635 • 128 Reykjavík • fsfh@fsfh.is • bjorgh@simnet.is
www.facebook.com/Foreldra-og-styrktarfélag-heyrnardaufra-224976970889711/ • www.fsfh.is
Formaður: Björg Hafsteinsdóttir



Stofnað 1979 • Félagsmenn 1.689 • Stjórnarmenn 9 • Starfsmenn 3

Markmið Geðhjálp er að berjast fyrir bættum hag fólks með geðrænan vanda og aðstandenda þeirra. Félagið veitir ókeypis ráðgjöf allan ársins hring og stendur fyrir hagsmunagæslu, m.a. með þátttöku í stefnumótun og opinberri umræðu.

Geðhjálp stendur fyrir ráðstefnum og smærri viðburðum um hagsmunamál fólks með geðræn vandamál. Félagið hýsir sjálfshjálparhópa, veitir almenningi, fjölmiðlum og opinberum aðilum upplýsingar og fræðslu um félagið og málefni þess. Þá stuðlar félagið að geðrækt og berst gegn fordómum.

Félagar í Geðhjálp eru fólk með geðrænan vanda, aðstandendur þess, fagfólk og áhugafólk um geðheilbrigði. Starfsemi félagsins er öllum opin. Stefna félagsins til framtíðar er að það verði leiðandi fjöldahreyfing um réttindi og frampróun geðheilbrigðis í landinu.



Kynnisferð um Bataskóla í London og Nottingham

Geðhjálp • Borgartún 30 • 105 Reykjavík • sími 570 1700 • gedhjalp@gedhjalp.is
www.facebook.com/Landssamtokin.Gedhjalp/ • www.gedhjalp.is
Formaður: Hrannar Jónsson • Framkvæmdastjóri: Anna Gunnhildur Ólafsdóttir



Stofnað 1950 • Félagsmenn 130 • Stjórnarmenn 7 • Starfsmenn 1

Tilgangur félagsins er að vekja almenning og stjórnvöld til aukins skilnings á mikilvægi geðheilbrigðis fyrir allt fólk, ungt sem gamalt. Félaginu er ætlað að sameina alla þá sem hafa áhuga á málefnum, fræða almenning um eðli geðsjúkdóma og kynna ríkjandi skoðanir um hvernig varðveita megi geðheilbrigði.

Þá hefur félagið það markmið að stuðla að því að jafnan verði komið upp nægum og viðunandi heilbrigðisstofnunum fyrir þá sem líða af geðröskunum og stuðla að rannsóknum sem megi verða til aukins geðheilbrigðis.

Félagið tekur þátt í alþjóðlegri samvinnu um geðheilbrigðismál og hugrækt. Það gefur út tímaritið Geðvernd sem er ritrýnt fagttímarit. Félagið stendur einnig fyrir fyrirlesturum og námskeiðum og veitir styrki til rannsókna og náms sem nýtist bættu geðheilbrigði.

Fólk og félög hvaðanæva af landinu, sem hafa áhuga á málefnum sem hafa þýðingu fyrir geðheilbrigði, geta orðið félagsmenn.

Geðverndarfélag Íslands • Hátún 10 • 105 Reykjavík • sími 552 5508 • gedvernd@gedvernd.is
www.facebook.com/GedverndarfelagIslands/ • www.gedvernd.is
 Formaður: Gunnlaug Thorlacius • Framkvæmdastjóri: Kjartan Valgarðsson



GIGTARFÉLAG ÍSLANDS
www.gigt.is

Stofnað 1976 • Félagsmenn 4.771 • Stjórnarmenn 9 • Varamenn 4 • Starfsmenn 10
 (Flest hlutastörf, auk þess er verktaka við sjúkráþjálfun, leikfimi og ráðgjöf)

Markmið félagsins er að auka lífsgæði fólks með gigtarsjúkdóma sem og þeirra sem eiga hættu á að fá þá. Tilgangur félagsins er að berjast gegn gigtarsjúkdómum og stuðla að almennri umræðu um þá og áhrif þeirra á fólk og samfélag. Félaginu er ætlað að efla meðferð, endurhæfingu og forvarnir og gæta hagsmuna gigtarfólks.

Gigtarfélag Íslands er landssamtök með deildum út um allt land. Félagið rekur Gigtarmiðstöðina að Ármúla 5 í Reykjavík. Þá starfa 10 áhugahópar innan félagsins sem sinna jafningjafræðslu og hafa frumkvæði að þeirri fræðslu sem félagið stendur form-

lega fyrir. Þá veitir félagið gigtarfólki og aðstandendum hagnýta símaráðgjöf bæði í gegnum Gigtarlínuna og einnig með einstaklingsráðgjöf.

Félagið skipuleggur og rekur hóppjálfun fyrir gigtarfólk í sundlaug og sal. Gigtarmiðstöðin að Ármúla 5 hefur verið drjúgur þáttur í starfsemi félagsins frá 1984. Yfir 90% félaga er fólk með gigtarsjúkdóma og annan stoðkerfisvanda og aðstandendur. Aðrir eru áhugafólk um starfsemi félagsins, þar á meðal fagfólk.

Gigtarfélag Íslands • Ármúli 5 • 108 Reykjavík • sími 530 3600 • gigt@gigt.is
www.facebook.com/GigtarfelagIslands/ • www.gigt.is
 Formaður: Dóra Ingvadóttir • Framkvæmdastjóri: Emil Thóroddsen



Heilaheill

- ÁFALL ER EKKI ENDIRINN

Stofnað 2005 • Félagsmenn 588 • Stjórnarmenn 8 • Starfsmenn 3

Markmið félagsins er að vinna að velferðar- og hagsmunamálum þeirra sem fengið hafa slag (heilablóðfall). Félagið kemur fræðslu um sjúkdóminn á framfæri við almenning og leggur áherslu á betra lífni og lýðheilsu, en um 410 manns fá slag á ári eða nærri því 2 á dag.

Heilaheill hefur náið samstarf við Hjartaheill og Hjartavernd vegna fræðslu um hjartagalla sem leiða til slags. Heilaheill hefur tekið þátt í evrópsku samstarfi slagbolenda sem nefnt er SAFE (Stroke Alliance for Europe). Þá hafa norrænu félögin innan SAFE með sér samvinnu.

Félagið stefnir að því að verða virkara í samfélaginu á næstu árum og fækka tilfellum heilablóðfalls. Það heldur kynningarfundum þar sem sérfræðingar úr heilbrigðiskerfinu eru fengnir til að veita fræðslu. Þá eru fulltrúar félagsins með fasta viðveru og veita ráðgjöf á endurhæfingardeild Grensás og taugadeild Landspítalans.

Heilaheill • Sigtún 42 • 105 Reykjavík • sími 561 2200 • heilaheill@heilaheill.is
www.facebook.com/heilaheill/ • www.twitter.com/heilaheill • www.heilaheill.is
Formaður: Þórir Steingrímsson



Stofnað 1937 • Félagsmenn 646 • Stjórnarmenn 5 • Varamenn 2 • Starfsmenn 1

Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna heyrnarskertra og efla skilning almennings og stjórnvalda á heyrnarskerðingu. Félaginu er ætlað að efla skilning almennings og stjórnvalda á heyrnarskerðingu, vinna að forvörnum og stuðla að þátttöku heyrnarskertra í samfélaginu.

Félagið er öllum opið en flestir félagar eru þó heyrnarskerðir eða aðstandendur heyrnarskertra. Félagið er rekið á landsvísi og eru félagsmenn dreifðir um landið. Stefnt er að því að innan tveggja ára verði fleiri starfsmenn á vegum félagsins sem geti sinnt fleiri og stærri verkefnum. Stefnt er á átak á sviði neytendamála varðandi hjálparþæki og til kynningar á rittúlkun.

Félagið rekur skrifstofu sem sinnir hagsmunabaráttu og fræðslu til almennings og félagsmanna. Heyrnarhjálp stendur fyrir reglulegum fræðslufundum um allt land, gefur út kynningarefni, tekur þátt í starfi á vegum stjórnvalda og á virkt samstarf með systursamtökum á Norðurlöndum.

Heyrnarhjálp • Langholtsvegur 111 • 104 Reykjavík • sími 551 5895 / 866 6444 • heyrnarhjalp@heyrnarhjalp.is
www.facebook.com/Heyrnarhjalp-106642882710133/ • www.heyrnarhjalp.is
Formaður: Hjörtur Heiðar Jónsson • Framkvæmdastjóri: Kolbrún Stefánsdóttir

HIV ÍSLAND

Stofnað 1988 • Félagsmenn 311 • Stjórnarmenn 7 • Starfsmenn 1

Tilgangur félagsins er að auka þekkingu og skilning á HIV, efla forvarnir og fræðslu til varnar smiti og skapa umræður um málefnið í samfélaginu. Verkefni félagsins er einnig að styðja HIV jákvæða og aðstandendur þeirra. Félagið er í samstarfi við önnur félagasamtök og hópa sem vinna að sömu eða svipuðum markmiðum.

Allir sem hafa áhuga á starfi félagsins og vilja styðja við það geta orðið félagar. Kosningarétt og kjörgengi í félaginu hafa allir fullgildir félagsmenn.

Markmið HIV-Ísland er að staðan verði þannig í málefnum tengdum HIV að þau verði svo vel á veg

komin að hægt verði að leggja félagið niður. Störf félagsins eru sérstök, viðkvæm og frábrugðin öðrum félögum að því leyti að stór hópur félagsmanna vill ekki láta aðra í samfélaginu vita af sér og kemur ekki fram nema undir algjörum trúnaði og ekki á opinberum viðburðum sem félagið stendur fyrir.

Eilífðarverkefni félagsmanna er vinnan gegn fordómum og leiðrétting misskilnings um HIV smit að fólk. Viðfangsefnið er mannréttindi, sýnileiki, fræðsla, styrking og samvinna.

HIV-Ísland • Hverfisgata 69 • 101 Reykjavík • sími 552 8586 • hiv-island@hiv-island.is
www.facebook.com/HIV-Ísland-172494397225/ • www.hiv-island.is
Formaður: Sigrún Grendal • Framkvæmdastjóri: Einar Þór Jónsson



Stofnuð 1983 • Félagsmenn 3.034 • Stjórnarmenn 10 • Starfsmenn 3

Meginmarkmið samtakanna er að standa vörð um hagsmuni hjartasjúklinga, stuðla að fræðslu, forvörnum, styðja við endurhæfingarstarfsemi og styrkja tækjakaup til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva um allt land. Þá er samtökunum ætlað að sameina hjartasjúklinga, aðstandendur þeirra og áhugafólk um heilbriggt hjarta.

Hjartaheill eru samtök deilda sem starfa hver á sínu svæði og Neistans, styrktarfélags hjartveikra barna. Félagsmenn í hverri deild eru hjartasjúklingar og aðrir þeir sem styðja markmið samtakanna.

Samtökin hafa frá árinu 2000 staðið fyrir fræðslu, blóðfitu- og blóðþrýstingsmælingum í samvinnu við deildirnar úti á landi. Mælingar hafa verið gerðar á yfir 107 stöðum og um 12.400 einstaklingar notið slíkrar þjónustu.

Til skrifstofu samtakanna leitar fjöldi hjartasjúklinga og aðstandendur þeirra. Þar er veitt fræðsla í samvinnu við félagsráðgjafa, hjartalækna og hjúkrunarfólk. Á skrifstofunni starfar fólk sem þekkir hjartasjúkdóma af eigin raun.

Hjartaheill • Síðumúli 6 • 108 Reykjavík • sími 552 5744 • hjartaheill@hjartaheill.is • Snapchat: hjartaheill
www.facebook.com/hjartaheill/ • www.twitter.com/Hjartasamtok • www.instagram.com/hjartaheill/
www.hjartaheill.is • Formaður: Sveinn Guðmundsson • Framkvæmdastjóri: Ásgeir Þór Árnason



Stofnað 2007 • Félagsmenn 140 • Stjórnarmenn 5 og 2 tengiliðir við Fagráð um heilaskaða • Starfsmenn 1

Meginmarkmið félagsins er að veita fræðslu og upplýsingar um heilaskaða og stuðla að ráðgjöf og endurhæfingu við hæfi.

Helsta starfsemi félagsins er hópastarf, jafningja- og aðstandendahópar og reglulegir fræðslu- og félagsfundir. Að auki stóð Hugarfar fyrir vel heppnaðri ráðstefnu í mars 2016 sem bar heitið: „Ákominn heilaskaði og hvað svo?“ Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar var Kevin Pearce, stofnandi Love Your Brain samtakanna.

Stærsta verkefni Hugarfars um þessar mundir er að koma á fót Höfuðhúsi, endurhæfingar- og fræðlumiðstöð fyrir fólk með heilaskaða þar sem einstaklingar og fjölskyldur geta fengið aðstoð við að fóta sig í lífinu á ný. Þrýst hefur verið á stjórnvöld að skapa heildstæða stefnu í málefnum fólks með heilaskaða. Fundað var með þingflokki, ráðherrum og fyrrum forseta Íslands og upplýst um stöðu málaflokksins hér á landi en greiningerferli og endurhæfingarúrræðum er mjög ábótavant.

Hugarfar • Sigtún 42 • 105 Reykjavík • sími 661 5522 • hugarfar@hugarfar.is
www.facebook.com/heilaskadi/ • Snapchat: hugarfar • www.hugarfar.is
 Formaður: Guðrún Harpa Heimisdóttir • Verkefnastjóri: Dís Gylfadóttir



Stofnað 1984 • Félagsmenn 370 • Stjórnarmenn 5 • Starfsmenn 1

Markmið félagsins er fræðsla og upplýsingamiðlun til félagsmanna, almennings og opinberra aðila um flogaveiki. Þá er félaginu ætlað að stuðla að bættari félagslegri stöðu fólks með flogaveiki og aðstandenda þeirra og styðja við rannsóknir á flogaveiki.

Lauf heldur opna fræðslufundi og sinnir fræðslu á vettvangi stofnana og heimila sem þjónusta fólk með flogaveiki. Félagið veitir jafningjastuðning fyrir fólk með flogaveiki og aðstandendur þess og sér um félagsstarf fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra.

Félagið annast útgáfu tímarits um flogaveiki og gefur auk þess út ýmis konar fræðsluefni. Skrif-

stofa þess er opin öllum. Félagið hefur það að leiðarljósi að flogaveiki verði færð út úr skugganum og stefnir að umfangsmeira fræðslustarfi og auknum jafningjastuðningi.



Hópmýnd

Lauf-Félag flogaveikra • Hátún 10 • 105 Reykjavík • sími 551 4570 • lauf@vortex.is
www.facebook.com/lauf.flogaveikra/ • www.lauf.is
 Formaður: Brynhildur Arthúrsdóttir • Framkvæmdastjóri: Fríða Bragadóttir

MÁLBJÖRG

FÉLAG UM STAM
THE ICELANDIC STUTTERING ASSOCIATION



Stofnað 1991 • Félagsmenn 140 • Stjórnarmenn 7

Tilgangur félagsins er að gefa þeim sem stama möguleika á að hjálpa hver öðrum með því að ræða saman í góðu umhverfi og skiptast á skoðunum og reynslu. Að standa vörð um hagsmuni þeirra sem stama gagnvart yfirvöldum, skólum og atvinnulífi. Að auka þekkingu þeirra sem stama og annarra á stami, vandamálum þeirra sem stama og meðferðum við stami.

Félagsmenn geta þeir orðið sem stama eða hafa áhuga á málefnum þeirra sem stama. Starfsemi beinist að öllum þeim sem stama eða hafa áhuga á stami.

Félagið stendur fyrir reglulegum fræðslufundum félagsmanna í grunn- og menntaskólum landsins. Alþjóðlegi upplýsingadagurinn um stam er haldinn hátíðlegur 22. október ár hvert, auk þess sem félagið reynir að standa fyrir atburðum í kringum aðalfund sinn. Aðrir atburðir sem má nefna eru ræðunámskeið, kvikmyndakvöld þar sem sýndar eru stuttmyndir tengdar stami og fleira. Félagið styrkir félagsmenn til að sækja erlendar ráðstefnur um stam.

Málbjörg - félag um stam • Pósthólf 10043 • 130 Reykjavík • sími 551 7744 • malbjorg@gmail.com
www.facebook.com/StamfelagidMalbjorg/ • Snapchat: malbjorg • www.stam.is
Formaður: Andri Bjarnason

málefli

Stofnað 2009 • Félagsmenn 138 • Stjórnarmenn 6

Markmið félagsins er að stuðla að hagsmunum barna og ungmenna með tal- og málþroskaraskanir. Félagar eru aðallega foreldrar og aðstandendur barna og ungmenna með tal- og málþroskaraskanir, fagfólk og hverjir þeir sem hafa áhuga á þeim málum.

Félagið stendur fyrir fundum um tal- og málþroskaraskanir, heldur námskeið og býður upp á fræðslu um þessi málefni. Viðburðir á vegum félagsins eru fyrir börn með tal- og málþroskaraskanir, foreldra þeirra og fagfólk.

Félagið stefnir að því að halda áfram að annast fræðslu fyrir foreldra og aðstandendur og halda námskeið fyrir þá ásamt því að vera þrýstihópur gagnvart stjórnvöldum til að auka stuðning við börn og ungmenni með tal- og málþroskaraskanir.

Málefli vill hafa upp á sem flestum foreldrum og aðstandendum barna og ungmenna með raskanir sem þessar. Með fjöldanum er hægt að gera svo mikið og hægt að tryggja frekari stuðning.

Málefli • Bolholt 6 • 105 Reykjavík • sími 841 7961 • malefli@malefli.is
www.facebook.com/malefli/ • www.malefli.is
Formaður: Fjóla Heiðdal Steinarsdóttir



Stofnað 2011 • Félagsmenn 102 • Stjórnarmenn 5 • Starfsmenn 7

Tilgangur félagsins er að vinna að velferð þeirra sem haldnir eru ME sjúkdómnum. ME er skammstöfun á Myalgic Encephalomyelitis en „myalgic“ stendur fyrir vöðvaverki og „encephalomyelitis“ fyrir bólgur í heila eða mænu. ME félag Íslands veitir fræðslu um sjúkdóminn, berst fyrir viðurkenningu hans og veitir nýja sýn á hann.

Félagar eru helst ME sjúklingar og aðstandendur þeirra. Félagið veitir fræðslu á netinu, á fundum og í gegnum síma og er í samstarfi við samskonar samtök erlendis.

Viðburðir hafa verið fáir þar sem sjúklingar eiga ekki gott með að mæta. Starfsemi félagsins miðar að þjónustu við ME sjúklinga og aðstandendur þeirra og við börn með ME og foreldra þeirra. Vonir standa til að félagið vaxi á næstu árum um leið og meira er vitað um ME sjúkdóminn vegna aukinna rannsókna á honum.

ME félag Íslands • Markland 8 • 108 Reykjavík • sími 859 3456 • mefelag@gmail.is
www.facebook.com/ME-félag-Íslands-152484924812136/ • www.mefelag.is
Formaður: Eyrún Sigrúnardóttir



Stofnað 1993 • Félagsmenn 64 • Stjórnarmenn 3 • Varamenn 2

MG-félag Íslands er félag sjúklinga með vöðvaslensfár (Myasthenia Gravis) og aðstandenda þeirra. Markmið MG-félagsins er að kynna sjúkdóminn og styðja við bakið á sjúklingum og fjölskyldum þeirra. Megintilgangur félagsins er að rjúfa hugsanlega einangrun sjúklinga með MG og miðla fræðsluefni og reynslu til þeirra og aðstandenda.

Starfsemi MG-félagsins var með hefðbundnu sniði á árinu 2015 og snerist mest um að miðla upplýsingum til sjúklinga og aðstandenda þeirra. Fáir greinast með sjúkdóminn á Íslandi ár frá ári og því telst félagið ekki sérlega fjölmennt.

MG-félagið átti í samstarfi við önnur sambærileg félög á Norðurlöndum og sóttu fjórir fulltrúar MG-félags Íslands norræna ráðstefnu um sjúkdóminn í Korsör í Danmörku haustið 2015. Þar var mikilli þekkingu og reynslu miðlað um sjúkdóminn sem byggði á rannsóknum sem auðveldara er að gera í stærri samfélögum en á Íslandi.

MG-félag Íslands • Leiðhamrar 23 • 112 Reykjavík • sími 567 0723 / 893 0823 • mg@mg-felag.is
www.mg-felag.is
Formaður: Pétur Halldór Ágústsson


Stofnað 1993 • Félagsmenn 290 • Stjórnarmenn 5 • Starfsmenn 1 í hálfu starfi

Hlutverk félagsins er að vinna að velferð þeirra sem haldnir eru MND hreyfitaugahrörnun, eða öðrum vöðva- og taugasjúkdómum með sömu eða svipaðar afleiðingar. Sjúkdómurinn – sem nefndur er ALS eða Lou Gehrig-sjúkdómur í öðrum löndum – er banvænn. Hann ágerist venjulega hratt og herjar á hreyfitaugar líkamans.

Félagið heldur fundi og námskeið um sjúkdóminn. Það veitir stuðning við féлага og aðstandendur og styður fagfólk til að sækja nám um MND. Þá opnaði félagið á síðasta ári afdrep í nýrri íbúð við Sléttuveg 3 sem félagið hefur til úthlutunar fyrir féлага og aðra sem þurfa húsnæði til skamms

tíma í Reykjavík. Íbúðin er með þremur herbergjum, rúmgóð og vel búin fyrir þá sem nota hjólastóla. Þetta er gert í samvinnu við SEM samtökin sem eiga húsið. Úthlutað verður í samráði við tauga- og lungnalækningadeild LSH.

Félagið er opið öllum þeim sem eru til í að berjast fyrir bættum hag MND veikra og fjölskyldna þeirra. Félagið er einnig opið öllum sem hafa áhuga á hlutverki þess. Til framtíðar stefnir það að því að vera hagsmunafélag raunverulega fatlaðs fólks.

MND félagið á Íslandi • Sigtún 42 • 105 Reykjavík • sími 565 5727 • mnd@mnd.is

www.facebook.com/mndfelagid/ • www.mnd.is

Formaður: Guðjón Sigurðsson • Framkvæmdastjóri: Halla Reynisdóttir


Stofnað 1968 • Félagsmenn 789 • Stjórnarmenn 5 og 2 varamenn • Starfsmenn 2

Markmið félagsins er að vinna að velferð þeirra sem haldnir eru MS-sjúkdómnum með því að veita þeim og aðstandendum þeirra stuðning og stuðla að öflugri félags- og fræðslustarfsemi. Félagar eru þeir sem haldnir eru sjúkdómnum, aðstandendur þeirra og aðrir sem hafa áhuga á að styðja starf félagsins.

MS eða Multiple Sclerosis er ólæknandi taugasjúkdómur í miðtaugakerfi sem hrjáir um 430 Íslendinga. Félagráðgjafi starfar hjá félaginu og geta félagsmenn og aðstandendur þeirra leitað til hans. Fjöldmörg fræðslunámskeið um sjúkdóminn eru í boði, sér í lagi námskeið fyrir nýgreinda. Þá er boðið upp á námskeið fyrir foreldra, maka og börn.

Félagið gefur út tímaritið MeginStoð og býður til fjölda viðburða, þar á meðal páskabingós og jólaballs. Þá er haldið upp á alþjóðlega MS-daginn síðasta miðvikudag í maí. Þá er opið hús hjá félaginu og boðið upp á veitingar og skemmtiatriði. Félagið er með íbúðir til skammtíma útleigu fyrir félagsmenn, með góðu aðgengi fyrir fatlaða. Í húsnæði félagsins er rekin dagvist og endurhæfing, MS Setrið.

MS-félagið er virkt í norrænu samstarfi og Evrópusamstarfi. Framtíðarsýn félagsins er að það veiti góða fræðslu um sjúkdóminn og bjóði upp á öflugt starf fyrir ungt fólk sem greinist með sjúkdóminn.

MS-félag Íslands • Sléttuvegur 5 • 103 Reykjavík • sími 568 8620 • msfelag@msfelag.is

www.facebook.com/MS-felag-Islands-251304642846/ • www.msfelag.is

Formaður: Berglind Guðmundsdóttir



Stofnað 1980 • Félagsmenn 22 • Stjórnarmenn 3

Ný rödd er stuðningsfélag þeirra sem misst hafa raddbönd og barkakýli vegna krabbameins og aðstandenda þeirra. Boðið er upp á fundi, stuðning og jafningjafræðslu.

Rannsóknir sýna að þeim sem taka þátt í stuðningshópum líður oft betur og upplifa aukin lífsgæði. Þeir eru líklegri til að hafa meiri von og eru oft ákveðnari í því að takast á við viðfangsefnið. Heimsóknir til sjúklinga fyrir og eftir aðgerðir og jafningjafræðsla eru fastir liðir í starfseminni, en gott samstarf hefur tekist á milli félagsins og háls-, nef- og eyrnadeildar Landspítalans, sem og talmeinafræðinga.

Síðasta starfsár var með hefðbundnu sniði hjá félaginu. Félagshópurir eru haldnir með líku sniði og fyrri ár og fundað að jafnaði á tveggja mánaða fresti. Ný rödd hefur notið velvildar krabbameinsfélaganna og tekið þátt í formannafundi og aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands.

Ný rödd sótti síðastliðið ár um inngöngu í Öryrkjabandalag Íslands og var umsóknin samþykkt á aðalfundi ÖBÍ 2015. Fulltrúar Nýrrar raddar vænta mikils af samstarfinu og munu fulltrúar félagsins sækja fundi ÖBÍ í framtíðinni.

Ný rödd • Skógarhlíð 8 • 105 Reykjavík • sími 540 1900 • nyrodd@krabb.is
www.krabb.is/starfsemi/studningshopar/ny-rodd/
Formaður: Ragnar Davíðsson



Parkinsonsamtökin á Íslandi

Stofnuð 1983 • Félagsmenn 505 • Stjórnarmenn 5 • Starfsmenn 1

Markmið samtakanna er að aðstoða fólk með Parkinson og skylda sjúkdóma og aðstandendur þess við að leysa úr þeim vanda og erfiðleikum sem sjúkdómnum fylgja. Félagið dreifir upplýsingum, veitir fræðslu og styður við rannsóknir vegna Parkinsonveiki.

Félagsmenn eru fólk greint með Parkinson og skylda sjúkdóma, aðstandendur, fagfólk og aðrir velunnarar samtakanna. Félagið er vettvangur umræðu um sameiginleg vandamál félagsmanna. Reglulegir félagshópurir eru haldnir til skemmtunar og fræðslu. Þá gefur félagið út rit og heldur úti vefsíðu til að miðla upplýsingum og fræðslu.

Félagið heldur fundi á landsbyggðinni, býður upp á kóræfingar hjá Parkinsonkórnum en það telst til raddþjálfunar. Þá er reglulega boðið upp á ýmis námskeið og má þar nefna dansnámskeið, raddþjálfunarnámskeið og matreiðslunámskeið.

Félagið stefnir að faglegum stuðningi og endurhæfingu fyrir parkinsongreinda og áframhaldandi fræðslustarfsemi og félagsstarfi.

Parkinsonsamtökin á Íslandi • Hátún 10 • 105 Reykjavík • sími 552 4440 • parkinson@parkinson.is
www.facebook.com/parkinsonsamtokin • www.instagram.com/parkinsonsamtokin • www.parkinson.is
Formaður: Jón Sigurðsson



SAMTÖK
LUNGNASJÚKLINGA

Stofnuð 1997 • Félagsmenn 553 • Stjórnarmenn 7

Markmið samtakanna er að vinna að velferð og hagsmunamálum lungnasjúklinga. Samtökin halda reglulega fræðslufundi um lungnasjúkdóma og málefni tengd þeim. Þá gefa samtökin út tvö fréttabréf á ári og upplýsingabæklinga um lungnasjúkdóma og hvernig hægt er að lifa með þeim.

Árið 2015 gáfu Samtök lungnasjúklinga lungna-deild Landspítalans sjónvarpstæki og spjaldtölvu sem á að nota til að skrá fylgni starfsmanna við handhreinsun. Þá styrktu samtökin einn félagsmann vegna fjárhagserfiðleika sökum mikils lyfjakostnaðar.

Samtökin sóttu um aðild að Öryrkjabandalagi Íslands 2015 og var sú aðildarumsókn samþykkt á aðalfundi ÖBÍ það sama ár.

15. desember 2015 lést Birgir Rögnvaldsson, formaður Samtaka lungnasjúklinga eftir erfið veikindi. Stjórn Samtaka lungnasjúklinga þakkar Birgi óeigingjarnt starf í þágu samtakanna.

Samtök lungnasjúklinga • Síðumúli 6 • 108 Reykjavík • sími 560 4812 • lungu@lungu.is
www.facebook.com/Samtök-Lungnasjúklinga-218590314822372/ • www.lungu.is
Formaður: Guðný Lind Óladóttir



Stofnuð 1971 • Félagsmenn 1.162 • Stjórnarmenn 5 • Starfsmenn 1

Markmið félagsins er að halda uppi fræðslu um sykursýki. Þá vinnur félagið að því að styrkja heilsugæslu, forvarnir og að styðja við starfsemi göngudeildar sykursjúkra á Landspítala háskóla-sjúkrahúsi.

Félagið heldur opna fræðslufundi, stundum í samvinnu við önnur félög sjúklinga. Það býður upp á námskeið, fræðslu til almennings, sumarbúðir og fleira starf fyrir börn með sykursýki. Félagið gefur út fræðslufni og tímarit.

Félagið er opið sykursjúkum, aðstandendum þeirra, fagfólki og fólki sem hefur áhuga á starfsemi félagsins. Á næstu árum er stefnt að enn öfl-

ugri samvinnu við fagaðila og meiri vitundarvakningu meðal almennings um mikilvægi góðra lífshátta.



Vorferð

Samtök sykursjúkra • Hátún 10 • 105 Reykjavík • sími 562 5605 • diabetes@diabetes.is
www.facebook.com/samtok.sykursjukra • www.diabetes.is • Formaður: Sigríður Jóhannsdóttir



Stofnuð 1981 • Félagsmenn 79 • Stjórnarmenn 9 • Starfsmenn 10 í hlutastarfi

SEM-samtökin, Samtök endurhæfðra mænuskaddaðra, voru stofnuð af nokkrum ungum karlmönnum sem áttu það sameiginlegt að hafa skyndilega hlotið varanlega fötlun sem raskaði lífi þeirra og starfi. Þar með skapaðist vettvangur til fræðslu og umræðu um líkamleg, andleg og félagsleg vandamál félagsmanna.

Markmið félagsins er að efla samhjálp mænuskaddaðra, vinna að auknum réttindum þeirra og bættari aðstöðu í þjóðfélaginu, eins og segir í lögum félagsins.

Sem-urum hefur fjölgað nokkuð annað árið í röð og eru félagar nú orðnir 79 talsins og 10 aukafélagar, þetta er þó samt bara ¼ af þeim sem eru með varanlegan mænuskaða á Íslandi í dag.

SEM-samtökin • Sléttuvegur 3 • 103 Reykjavík • sími 588 7470 • sem@sem.is
www.facebook.com/semsamtok • www.sem.is
 Formaður: Arnar Helgi Lárusson • Framkvæmdastjóri: Árni Geir Árnason



Stofnuð 1938 • Stjórnarmenn 7 • Starfsmenn 2 • Félagsmenn 5.645 (þar af 1.072 með sjálfstæða aðild að ÖBÍ í gegnum SÍBS, en aðrir félagsmenn eru aðilar að ÖBÍ í gegnum aðildarfélög SÍBS)

SÍBS er samband sjúklingafélaga á sviði brjóstholssjúkdóma, en innan vébanda sambandsins starfa aðildarfélög með um sex þúsund félagsmenn. SÍBS á og rekur endurhæfingarmiðstöðina Reykjalund, sem um 50 þúsund Íslendingar hafa notið góðs af, og öryrkjavinnustaðinn Múlalund. Þá styrkja tugþúsundir Íslendinga starfsemi SÍBS með þátttöku í Happraetti SÍBS.

Tilgangur sambandsins er að sameina innan vébanda þess hagsmunasamtök fólks með berkla, hjarta- og lungnasjúkdóma, astma og ofnæmi og sjúklinga með svefnháðar öndunartruflanir. SÍBS vinnur að því að heilbrigðisþjónusta og félagsleg

aðstaða þessara sjúklingahópa verði jafnan sem fullkomnust.

Sambandið stuðlar að rannsóknum á áðurnefndum sjúkdómum og fræðslu um þá. Þá beitir það sér einnig í forvörnum, meðal annars með víðtækri upplýsingamiðlun, þátttöku í lýðheilsuverkefnum og gegnum opin námskeið fyrir félagsmenn og almenning gegnum Fræðslumiðstöð SÍBS.

Í lok árs 2015 opnaði SÍBS verslun í húsnæði samtakanna. Verslunin selur stoðvörur, hreyfivörur og smáhjálpartæki, til að bæta heilsu og efla færni. Enginn arður er tekinn af rekstrinum.

SÍBS • Síðumúli 6 • 108 Reykjavík • sími 560 4800 • sibs@sibs.is • www.facebook.com/sibs.is • www.sibs.is
 Formaður: Auður Ólafsdóttir • Framkvæmdastjóri: Guðmundur Löve



Stofnað 1959 • Félagsmenn 1.832 • Stjórnarmenn 5 • Varamenn 3 • Sambandsstjórn 12 • Starfsmenn 5

Sjálfsbjörg er landssamband myndað af 12 aðildarfélögum um land allt. Fatlaðir einstaklingar sem og ófatlaðir 18 ára og eldri hafa jafnan rétt til að gerast félagar í aðildarfélögum Sjálfsbjargar. Allir félagar hafa kosningarétt og kjörgengi, að því undanskildu að ófatlaðir félagar geta ekki setið í framkvæmdastjórn Sjálfsbjargar Isf.

Hlutverk Sjálfsbjargar Isf. er að vinna að fullkominni þátttöku og jafnrétti hreyfihamlaðra félagsmanna sinna og eftir atvikum annarra fatlaðra á öllum sviðum þjóðlífsins, þá sérstaklega með því að tryggja aðgengi að umhverfi, menntun, atvinnu og upplýsingum. Helstu verkefni sem tengjast hlutverki landssambandsins eru að hafa áhrif á ríkis- og sveitarstjórnir, hagsmunasamtök og einstakl-

inga um þau mál sem varða hagsmuni félagsmanna og vekja athygli almennings á málefnum félagsmanna með útgáfu- og kynningarstarfsemi.

Sjálfsbjörg hefur samstarf við hliðstæð félög, inn- og erlend og rekur í sjálfstæðu félagi, hjúkrunar- og endurhæfingarstarfsemi og þar undir þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar með þjónustusamningi við opinbera aðila eða aðra.

Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar stendur síðan fyrir ýmis konar starfsemi svo sem fræðslufundum og námskeiðum hvers konar. Mikilvægur þáttur í starfsemi landssambandsins er málefnavinna, til hagsbóta ekki eingöngu fyrir hreyfihamlað fólk heldur fyrir samfélagið allt.

Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra • Hátún 12 • 105 Reykjavík • sími 550 0360 • mottaka@sjalfsbjorg.is • www.sjalfsbjorg.is • www.facebook.com/sjalfsbjorg/ • Formaður: Grétar Pétur Geirsson



Stofnuð 1972 • Félagsmenn 1.400 • Stjórnarmenn 7 • Starfsmenn 4

Markmið félagsins er fyrst og fremst að gæta réttar sjúklinga og stuðla að betra lífi þeirra með fræðslustarfsemi og kynningu á sjúkdómunum. Talið er að á Íslandi séu um 2-3% þjóðarinnar með psoriasis.

Félagið rekur göngudeild, heldur fræðslufundi, sinnir hagsmunabaráttu fyrir fólk með psoriasis og exem og hefur samskipti við hagsmunaaðila.

Félagsmenn eru sjúklingar með psoriasis og/eða exem, foreldrar og aðstandendur sjúklinga og allir sem hafa áhuga á sjúkdómunum og málefnum tengdum þeim. Viðburðir á vegum félagsins eru

fyrir félagsmenn, foreldra, börn, aðstandendur en líka hagsmunaaðila, þar á meðal lækna og lyfjafyrirtæki.

Stefnt er að því að styrkja og efla félagið þannig að það haldi áfram að veita stjórnvöldum aðhald vegna sjúklinga. Þá haldi félagið út öflugum félagsstarfi og fræðslu til sjúklinga og almennings.

SPOEX-samtök psoriasis og exemsjúklinga • Bolholt 6 • 105 Reykjavík • sími 588 9666 • skrifstofa@psoriasis.is • www.facebook.com/spoex.is/ • www.spoex.is
Formaður: Ingvar Ágúst Ingvarsson



Stofnuð 1980 • Félagsmenn 300 • Stjórnarmenn 5 og 2 varamenn

Tilgangur félagsins er að stuðla í hvívetna að velferð fólks sem gengist hefur undir stómaaðgerð, þ.e. ristilstóma (colostomy), garnastóma (ileostomy), þvagstóma (urostomy) svo og garna-poka- eða nýblöðruaðgerð.

Félagið heldur fræðslufundi, heldur úti vefsíðu, sinnir heimsóknarþjónustu og annast hagsmunagæslu fyrir félagsmenn gagnvart heilbrigðisyfirvöldum. Félagsmenn eru allir sem hafa áhuga á málefnum Stómasamtakanna. Aðallega er miðað við að viðburðir félagsins séu fyrir fólk 18 ára og eldra.

Í lok síðasta starfsárs voru félagsmenn um 300 talsins, flestir á höfuðborgarsvæðinu en einnig er stór hópur virkur á Eyjafjarðarsvæðinu.

Fjárhagur félagsins er ágætur í lok starfsársins. Ítrekað hefur verið reynt að fá styrki til starfseminnar víða að en það gengur mjög illa nema kannski helst á hefðbundnum slóðum innan KÍ og ÖBÍ. Félagið gaf út Fréttablað Stómasamtakanna í fimmta sinn í ár. Þá var heimasíða félagsins endurhönnuð.

Stómasamtök Íslands • Skógarhlíð 8 • 105 Reykjavík • sími 847 0694 • stoma@stoma.is
www.facebook.com/isilco • www.stoma.is • Formaður: Jón Þorkelsson



Stofnað 1952 • Félagsmenn 1.057 • Stjórnarmenn 5 • Starfsmenn 37 allt árið en fjölgar yfir sumarið um 50

Tilgangur félagsins er að greiða fyrir lömuðu og fötluðu fólki, einkum börnum, á hvern hátt sem félagið hefur tök á og stuðlað getur að aukinni orku, starfshæfingu og velferð þess. Það er gert í dag með því að vera frumkvöðlar í þjónustu fyrir börn og ungmenni með fötlun.

Ekki eru takmarkanir á félagsaðild en flestir félagsmenn eru aðstandendur þeirra sem sækja þjónustu eða hafa sótt þjónustu til félagsins.

Félagið rekur Æfingastöðina, sem er miðstöð þjónustu og þekkingar í hæfingu og endurhæf-

ingu fyrir börn og ungt fólk með frávik í hreyfingu og þroska. Þjónustan er fyrir öll börn og ungmenni sem þurfa aðstoð við að bæta færni sína í leik og starfi svo þau geti þroskast, dafnað og notið lífsins. Á Æfingastöðinni er veitt fjölbreytt og sveigjanleg þjónusta sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara.

Félagið rekur einnig sumar- og helgardvalarstað fyrir fötluð börn og ungmenni í Reykjadal. Árlega dveljast þar um 250 börn á aldrinum 8-21 árs. Börnin koma alls staðar að af landinu, flest þó af Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu.

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra • Háaleitisbraut 13 • 108 Reykjavík • sími 535 0900 • slf@slf.is
www.facebook.com/slf.is/ • www.slf.is

Formaður: Baldvin Bjarnason • Framkvæmdastjóri: Vilmundur Gíslason



Stofnuð 1991 • Félagsmenn 275 • Stjórnarmenn 5 • Starfsmenn 1 verktaki í 25% starfi


Markmið Tourette-samtakanna er að standa vörð um hagsmuni þeirra sem hafa Tourette (TS) og fjölskyldna þeirra og stuðla að upplýsingamiðlun til félagsmanna. Þau stuðla einnig að fræðslu sem leitt getur til betri stöðu skjólstæðinga þeirra í þjóðfélaginu.

Samtökin gera almennt það sem leiðir til viðurkenningar samfélagsins á sértækri stöðu margra með TS. Þá sér stjórn samtakanna um að nýta styrki, aðra fjármuni og það sem félaginu kann að áskotnast til að ná settum markmiðum í samræmi við tilgang.

Samtökin halda úti heimasíðu, þýða og gefa út bækur og bæklinga um Tourette, kynna fræðsluefni sitt, selja bækur á vægu verði og bjóða upp á kynningar um Tourette í skólum og víðar. Einnig eru haldnir fræðslufundir. Starfið nýtist fólki með TS á öllum aldri og aðstandendum þess, auk þess sem nemendum og fagfólki eru oft veittar upplýsingar.

Stefnt er að átaki í kynningar- og tómstundamálu næstu tvö árin á vettvangi félagsins, að gera það sýnilegra og þekktara meðal almennings og fagfólks, auk þess að gera samtökin sýnilegri á samskiptamiðlum. Fjölga á fræðslufyrirlesturum og uppákomum og sameiginlegri tómstundaiðju.

**Tourette-samtökin á Íslandi • Hátún 10 • 105 Reykjavík • sími 840 2210 • tourette@tourette.is
www.facebook.com/tourettesamtokin.aislandi • www.tourette.is
Formaður: Arnprúður Karlsdóttir**



Aðalfundur, Málefli




Tryggvi Þór Skarphéðinsson, Einhverfusamtökin



MND - íbúð Sléttuvegi



Norræn ráðstefna MG í október 2015



Ljósmyndir frá aðildarfélögum ÖBÍ



Skemmtun Gigtarfélags Íslands



Lára garpur, Ás styrktarfélag



Afmælimessa Heyrnarhjálpur í Langholtskirkju



FSFH í maí - júní 2016



SÍBS verslun



Alþjóðadagur 2015, MS félag Íslands



Styrktarsöfnun, Lauf

Stjórn ÖBÍ 2015-2016

Stjórn ÖBÍ er skipuð 19 manns. Á aðalfundi 2015 var kosið eftir nýjum lögum ÖBÍ og voru fulltrúar ýmist kosnir til eins eða tveggja ára.

Formaður Ellen Calmon - ADHD samtökunum (2015-2017),
Varaformaður Halldór Sævar Guðbergsson - Blindrafélaginu (2015-2016)
Gjaldkeri Bergur Þorri Benjamínsson - Sjálfsbjörg Isf. (2015-2016)

Formenn málefnaþinga til tveggja ára (2015-2017)

Grétar Pétur Geirsson, málefnaþingur um aðgengismál - Sjálfsbjörg Isf.
Hjördís Anna Haraldsdóttir, málefnaþingur um atvinnu- og menntamál
- Félagi heyrnarlausra
Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir, málefnaþingur um heilbrigðismál
- Sjálfsbjörg Isf.
María Óskarsdóttir, málefnaþingur um kjaramál - Sjálfsbjörg Isf.
Rúnar Björn Herrera, málefnaþingur um sjálfstætt líf - SEM samtökunum

Stjórnarmenn til tveggja ára (2015-2017)

Svava Aradóttir - Alzheimersamtökunum á Íslandi
Svavar Kjarrval Lúthersson - Einhverfusamtökunum
Maggý Hrönn Hermannsdóttir - Geðhjálp
Árni Heimir Ingimundarson - Málbjörg - félagi um stam

Stjórnarmenn til eins árs (2015-2016)

Erna Arngrímsdóttir - SPOEX
Kristín Björnsdóttir - Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra
Daníel Ómar Viggósson - CP félaginu
Ægir Lúðvíksson - MND félaginu á Íslandi
Garðar Sverrisson - MS-félagi Íslands
Karl Þorsteinsson - Ás styrktarfélagi
Emil Thóroddsen - Gigtarfélagi Íslands

Varamenn í stjórn (2015-2016)

Nílsína Larsen - SÍBS
Ingveldur Jónsdóttir - MS-félagi Íslands
Arnþrúður Karlsdóttir - Tourette-samtökunum

Framkvæmdaráð ÖBÍ 2015-2016

Framkvæmdaráð afgreiðir mál milli stjórnarfunda og leggur meiri háttar mál í hendur stjórnar.

Ellen Calmon, formaður - ADHD samtökunum
 Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður - Blindrafélaginu
 Bergur Þorri Benjamínsson, gjaldkeri - Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra
 Emil Thóroddsen, meðstjórnandi - Gigtarfélagi Íslands
 Rúnar Björn Herrera, meðstjórnandi - SEM samtökunum
 Erna Arngrímsdóttir, varamaður I, - SPOEX
 Svava Aradóttir, varamaður II, - Alzheimersamtökunum á Íslandi

Málefnaþópar ÖBÍ 2015-2016

Málefnaþópur um aðgengi

Grétar Pétur Geirsson - Sjálfsbjörg Isf., formaður
 Andri Valgeirsson - Sjálfsbjörg Isf.
 Birna Einarsdóttir - Gigtarfélagi Íslands
 Ingólfur Már Magnússon - Heyrnarhjálp
 Ingveldur Jónsdóttir - MS félaginu
 Jón Heiðar Jónsson - Sjálfsbjörg Isf.
 Lilja Sveinsdóttir - Blindrafélaginu
Starfsmaður hópsins: Stefán Vilbergsson

Málefnaþópur um atvinnu- og menntamál

Hjördís Anna Haraldsdóttir - Félagi heyrnarlausra, formaður (hætti 25.8.2016)
 Elín H. Hinriksdóttir - ADHD samtökunum (starfandi formaður frá 25.8.2016)
 Guðrún Sæmundsdóttir - ME félaginu
 Helga Sigurðardóttir - LAUF (hætti 28.4.2016)
 Hrafnhildur Kristbjörnsdóttir - Sjálfsbjörg Isf.
 María Hauksdóttir - Blindrafélaginu
 Sigurður Jón Ólafsson - Stómasamtökunum (hætti 28.4.2016)
 Snævar Ívarsson - Félagi lesblindra (kom inn 11.5.2016)
 Sylviane Lecoulre - Geðhjálp (kom inn 28.4.2016)
Starfsmaður hópsins: Þorbera Fjölisdóttir

Málefnaþópur um heilbrigðismál

Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir - Sjálfsbjörg Isf., formaður
 Alma Ýr Ingólfssdóttir - Sjálfsbjörg Isf. (hætti 28.4.2016)
 Bergþór G. Böðvarsson - Geðhjálp (kom inn 28.4.2016)
 Emil Thóroddsen - Gigtarfélagi Íslands
 Fríða Rún Þórðardóttir - Astma- og ofnæmisfélagi Íslands
 Guðrún Bergmann Franzdóttir - Hjartaheill
 Hannes Þórisson - Félagi nýrnasjúkra
 Sigríður Jóhannsdóttir - Samtökum sykursjúkra
Starfsmaður hópsins: Stefán Vilbergsson

Málefnaþing um kjaramál

María Óskarsdóttir - Sjálfsbjörg Isf., formaður
Dóra Ingvadóttir - Gigtarfélagi Íslands
Erna Arngrímsdóttir - SPOEX
Frímann Sigurnýasson - SÍBS
Guðmundur Ingi Kristinsson - Sjálfsbjörg Isf.
Hilmar Guðmundsson - Sjálfsbjörg Isf.
María M.B. Olsen - Gigtarfélagi Íslands
Starfsmaður hópsins: Sigríður Hanna Ingólfssdóttir

Málefnaþing um sjálfstætt líf

Rúnar Björn Herrera - SEM samtökunum, formaður
Hrefna Haraldsdóttir - ADHD samtökunum (kom inn 31.3.2016)
Inga Björk Bjarnadóttir - fulltrúi ÖBÍ í verkefnisstjórn um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)
Kristín Björnsdóttir - Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra (hætti 31.3.2016)
María Hildipórsdóttir - ADHD samtökunum (hætti 31.3.2016)
Snædís Rán Hjartardóttir - Heyrnarhjálp
Védís Drafnardóttir - Geðhjálp (kom inn 31.3.2016)
Puríður Harpa Sigurðardóttir - Sjálfsbjörg Isf.
Ægir Lúðvíksson - MND félaginu á Íslandi
Starfsmaður hópsins: Sigurjón Unnar Sveinsson

Hreyfingar ÖBÍ

Kvennahreyfing ÖBÍ

Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir - talskona
Hrafnhildur Kristbjörnsdóttir
Pála Kristín Bergsveinsdóttir
Salóme Mist Kristjánsdóttir
Sigríður Jónsdóttir
Soffía Melsteð
Sóley Björk Axelsdóttir
Starfsmaður: Þorbera Fjöl意思dóttir

Ungliðahreyfing ÖBÍ

Alma Ösp Ísrún Wade
Andri Valgeirsson - talsmaður
Áslaug Ýr Hjartardóttir - talskona
Bjarni Þór Einarsson
Snædís Rán Hjartardóttir
Steinunn Þorsteinsdóttir
Starfsmaður: Þorbera Fjöl意思dóttir

Nefndir ÖBÍ

Hvatningarverðlaun ÖBÍ 2015

Sigrún Birgisdóttir - Einhverfusamtökunum, formaður
 Einar Þór Jónsson - HIV-Íslandi
 Elín H. Hinriksdóttir - ADHD samtökunum
 Hrönn Petersen - CCU samtökunum
 Margrét Haraldsdóttir - Félagi nýrnasjúkra
 Snævar Ívarsson - Félagi lesblindra á Íslandi
 Valur Höskuldsson - MND félaginu á Íslandi
Starfsmaður nefndarinnar: Kristín Margrét Bjarnadóttir

Kjörnefnd ÖBÍ 2015-2017

Jón Þorkelsson - Stómasamtökum Íslands, formaður
 Albert Ingason - SPOEX
 Dagný Erna Lárusdóttir - SÍBS
 Sigurbjörg Ármannsdóttir - MS félagi Íslands
 Sigurður R. Sigurjónsson - SÍBS
Starfsmaður kjörnefndar: Þórný Björk Jakobsdóttir

Laganefnd ÖBÍ 2015-2017

Ingveldur Jónsdóttir - MS félagi Íslands, formaður
 Dóra Ingvadóttir - Gigtarfélagi Íslands
 Ingi Hans Ágústsson - HIV Íslandi
 Svavar Kjarrval Lúthersson - Einhverfusamtökunum
 Þröstur Emilsson - ADHD samtökunum
Starfsmaður laganefndar: Sigurjón Unnar Sveinsson

Skoðunarmenn reikninga ÖBÍ 2015-2017

Fríða Bragadóttir - LAUFI
 Hrönn Petersen - CCU samtökunum
Varamenn: Ólafur Dýrmundsson - Stómasamtökum Íslands
 Valdimar Leó Friðriksson - MS félagi Íslands

Fyrirtæki ÖBÍ / Samstarfsaðilar ÖBÍ

BRYNJA - Hússjóður Öryrkjabandalagsins

Garðar Sverrisson - MS félagi Íslands, formaður
 Bergvin Oddsson - fulltrúi Velferðarráðuneytis
 Emil Thóroddsen - Gigtarfélagi Íslands
 Steinunn Þóra Árnadóttir - MS félagi Íslands
 Þórey Vigdís Ólafsdóttir
Framkvæmdastjóri: Björn Arnar Magnússon

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing

Halldór Sævar Guðbergsson - Blindrafélaginu, formaður
 Grétar Pétur Geirsson - Sjálfsbjörg Isf.
 Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir - Sjálfsbjörg Isf.
 Lilja Þorgeirsdóttir - framkvæmdastjóri ÖBÍ
Forstöðumaður: Helga Eysteinsdóttir

Örtækni

Grétar Pétur Geirsson - Sjálfsbjörg Isf., formaður
Guðrún Hannesdóttir - félagsfræðingur
Magnús Pálsson - forstöðufélagsráðgjafi Reykjalundi
Framkvæmdastjóri: Þorsteinn Jóhannsson

Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð ses

Aðalfulltrúar: Erna Arngrímsdóttir - SPOEX
Kristján Sigurmundsson
Varafultrúar: Bjargey Una Hinriksdóttir - Einhverfusamtökunum
Guðrún Gunnarsdóttir - Ás styrktarfélagi
Framkvæmdastjóri: Helga Gísladóttir

TMF Tölvumiðstöð

Aðalfulltrúi: Halldór Sævar Guðbergsson - Blindrafélaginu, formaður
Varafultrúi: Klara Geirsdóttir - CP félaginu
Forstöðumaður: Sigrún Jóhannsdóttir

Íslensk getspá

Aðalfulltrúar: Vífill Oddsson
Þóra Margrét Þórarinsdóttir - Ás styrktarfélagi
Varafultrúar: Karl Þorsteinsson - Ás styrktarfélagi
Lilja Þorgeirsdóttir - framkvæmdastjóri ÖBÍ
Framkvæmdastjóri: Stefán Konráðsson

Sjóðir ÖBÍ

Námssjóður Sigríðar Jónsdóttur

Guðríður Ólafs Ólafíudóttir - Sjálfsbjörg Isf., formaður
Björg S. Blöndal - ættingi Sigríðar Jónsdóttur
Maggý Hrönn Hermannsdóttir - Geðhjálp
Starfsmaður nefndarinnar: Kristín Margrét Bjarnadóttir

Sjóður Odds Ólafssonar

Fulltrúi ÖBÍ: Guðríður Ólafs Ólafíudóttir - Sjálfsbjörg Isf.

Fulltrúar ÖBÍ í starfi frjálsra félagasamtaka

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Aðalfulltrúi: Ellen Calmon - formaður ÖBÍ
Varafultrúi: Lilja Þorgeirsdóttir - framkvæmdastjóri ÖBÍ

List án landamæra

Aðalfulltrúi: Ingólfur Már Magnússon - Heyrnarhjálp
Varafultrúi: Guðríður Ólafs Ólafíudóttir - Sjálfsbjörg Isf.

Öldrunarráð Íslands

Aðalfulltrúi: María Th. Jónsdóttir - Alheimersamtökunum á Íslandi
Varafultrúi: Erna Arngrímsdóttir - SPOEX

Fulltrúar ÖBÍ í opinberum nefndum og ráðum

Velferðarráðuneytið

Réttindavakt fyrir fatlað fólk

Aðalfulltrúi: Ellen Calmon - formaður ÖBÍ

Varafultrúi: Sigurjón Unnar Sveinsson - lögmaður hjá ÖBÍ

Velferðarvakt

Fulltrúar ÖBÍ: Grétar Pétur Geirsson og Þorbera Fjölнисdóttir - Sjálfsbjörg Isf.

Lýðheilsunefnd

Aðalfulltrúi: Guðbjörg Eggertsdóttir - Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra

Varafultrúi: Karl Þorsteinsson - Ás styrktarfélagi

Starfshópur um umönnunargreiðslur og greiðslur til foreldra langveikra/fatlaðra barna

Fulltrúar ÖBÍ: Hjörtur Jónsson - Heyrnarhjálp

Sunna Brá Stefánsdóttir - Gigtarfélagi Íslands

Nefnd um mótun vinnuverndarstefnu

Aðalfulltrúi: Halldór Sævar Guðbergsson - Blindrafélaginu

Varafultrúi: Sigrún Magnúsdóttir - Félagi heyrnarlausra

Verkefnisstjórn um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)

Aðalfulltrúi: Inga Björk Bjarnadóttir

Varafultrúi: Guðmundur Magnússon - SEM samtökunum

Starfshópur um endurskoðun laga um málefni fatlaðs fólks og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga

Aðalfulltrúi: Ellen Calmon - formaður ÖBÍ

Varafultrúi: Sigurjón Unnar Sveinsson - lögmaður hjá ÖBÍ

Starfshópur um nýja framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks

Aðalfulltrúi: Halldór Sævar Guðbergsson - Blindrafélaginu

Varafultrúi: Ellen Calmon - formaður ÖBÍ

Starfshópur um orlofsmál fatlaðs fólks

Fulltrúar ÖBÍ: Kristín Björnsdóttir - Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra

Rúnar Björn Þorkeiðsson - SEM samtökunum

Samráðshópur nýs Landspítala (NLSH) vegna byggingar spítalans

Aðalfulltrúi: Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir - Sjálfsbjörg Isf.

Innanríkisráðuneytið

Fagræð um umferðarmál

Aðalfulltrúi: Guðríður Ólafs Ólafíudóttir - Sjálfsbjörg Isf.

Varafultrúi: Grétar Pétur Geirsson - Sjálfsbjörg Isf.



Starfshópur um aðgerðir gegn umferðarslysum vegna átaks Sameinuðu þjóðanna „Áratugur aðgerða 2011-2020 (e. Decade of Action)“

Aðalfulltrúi: Lilja Sveinsdóttir - Blindrafélaginu

Varafultrúi: Arnar Helgi Lárusson - SEM samtökunum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Málræktarsjóður

Aðalfulltrúi: Garðar Sverrisson - MS félagi Íslands

Varafultrúi: Hjördís Anna Haraldsdóttir - Félagi heyrnarlausra

Samstarf sveitarfélaga

Þjónustuhópur vegna sameiginlegrar ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Aðalfulltrúi: Haraldur Sigbórsson - Sjálfsbjörg Isf.

Varafultrúi: Valur Höskuldsson - MND félaginu á Íslandi

Reykjavíkurborg

Ferlinefnd Reykjavíkurborgar

Aðalfulltrúar: Grétar Pétur Geirsson - Sjálfsbjörg Isf.

Ingólfur Már Magnússon - Heyrnarhjálp

Lilja Sveinsdóttir - Blindrafélaginu

Varafultrúar: Bergur Þorri Benjamínsson - Sjálfsbjörg Isf.

Snædís Rán Hjartardóttir - Fjólu

Rósa María Hjörvar - Blindrafélaginu

Hafnarfjarðarbær

Ráðgjafaráð vegna málefna fatlaðs fólks

Aðalfulltrúar: Jóna Imsland - Einhverfusamtökunum

Bergur Þorri Benjamínsson - Sjálfsbjörg Isf.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Starfshópur til að endurskoða stefnu byggðasamlagsins í búsetumálum fatlaðs fólks til næstu fimm ára

Fulltrúi ÖBÍ: Þuríður Harpa Sigurðardóttir - Sjálfsbjörg í Skagafirði

Mosfellsbær

Notendaráð um málefni fatlaðs fólks

Aðalfulltrúar: Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir - Sjálfsbjörg Isf.

Sigurður G. Tómasson - Blindrafélaginu

Varafultrúar: Kristín Sæunnar- og Sigurðardóttir - Félagi nýrnasjúkra

Ragnar Gunnar Þórhallsson - Sjálfsbjörg Isf.

Fulltrúar ÖBÍ í erlendu samstarfi

Handikapporganisationernas Nordiska Råd (HNR)

Samstarfsvettvangur norrænu öryrkjabandalaganna.

Fulltrúar ÖBÍ: Ellen Calmon - formaður ÖBÍ

Lilja Þorgeirsdóttir - framkvæmdastjóri ÖBÍ

Nordens Välfärdscenter (NVC)

Fulltrúar ÖBÍ í úthlutunarnefnd um styrki til samstarfsverkefna Norðurlandanna í málefnum fatlaðs fólks.

Aðalfulltrúi: Hjördís Anna Haraldsdóttir - Félagi heyrnarlausra

Varafulltrúi: Lilja Þorgeirsdóttir - framkvæmdastjóri ÖBÍ

Rådet för nordiskt samarbete om funktionshinder

Ráðgefandi og stefnumarkandi ráð varðandi málefni fatlaðs fólks fyrir norrænu ráðherranefndina og samstarfsaðila hennar.

Aðalfulltrúi: Ellen Calmon - formaður ÖBÍ

European Disability Forum (EDF)

Samstarfsvettvangur heildarsamtaka fatlaðs fólks í Evrópusambandslöndunum.

Aðalfulltrúi ÖBÍ: Halldór Sævar Guðbergsson - varaformaður ÖBÍ

- Blindravinafélaginu

Varafulltrúi ÖBÍ: Hjördís Anna Haraldsdóttir - Félagi heyrnarlausra

European Anti Poverty Network (EAPN)

Aðalfulltrúi ÖBÍ: Þorbera Fjölvisdóttir - Sjálfsbjörg Isf.

Varafulltrúi ÖBÍ: Guðbjörg Kr. Eiríksdóttir - Sjálfsbjörg Isf.

Rekstrarreikningur ÖBÍ	2015	2014
Rekstrartekjur		
Framlag frá Íslenskri getsþá	481.433.536	459.920.116
Leigutekjur	10.922.717	4.204.478
Aðrar tekjur	128.000	330.000
Tekjur samtals	492.484.253	464.454.594
Rekstrargjöld		
Styrkir og framlög	285.111.500	256.636.111
Laun og launatengd gjöld	114.469.258	99.639.092
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	1.824.176	6.850.467
Annar rekstrarkostnaður	104.162.040	104.338.085
Afskriftir	8.972.764	6.899.648
Gjöld samtals	514.539.738	474.363.403
Rekstrarafkoma (-tap) fyrir skatta	(22.055.485)	(9.908.809)
Fjármunatekjur og (-gjöld)		
Vaxtatekjur og verðbætur	10.072.574	11.913.003
Gengismunur verðbréfaeigna	290.081	109.571
Vaxtagjöld, gengistap og verðbætur	(256.033)	(402.693)
Rekstrarafkoma (tap) ársins	(11.948.863)	1.711.072
Efnahagsreikningur ÖBÍ		
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteign	338.072.345	329.779.600
Áhöld, búnaður og innréttingar	5.672.223	7.663.809
Stofnframlag	1.065.000	1.065.000
Bundnar innistæður – Arfur ÓGB	70.844.518	68.445.944
Bundnar innistæður – Varasjóður ÖBÍ	108.734.626	105.251.458
Fastafjármunir samtals	524.388.712	512.205.811
Veltufjármunir		
Markaðsverðbréf	31.578	4.414.200
Krafa á tengda aðila	4.387.125	4.319.926
Aðrar skammtímakröfur	50.202.334	35.383.577
Handbært fé	117.007.225	177.268.178
Veltufjármunir samtals	171.628.262	221.385.881
Eignir samtals	696.016.974	733.591.692
Eigið fé í árslok		
Skuldbindingar (lífeyrir)	38.448.032	39.745.181
Skammtímaskuldir	99.399.430	123.728.136
Eigið fé og skuldir	696.016.974	733.591.692

Öryrkjabandalag Íslands

(Stefna samþykkt á aðalstjórnarfundum ÖBÍ 21. janúar 2009)

Hlutverk ÖBÍ

- Hlutverk ÖBÍ er að vinna að samfélagslegu réttlæti og bættum lífsgæðum og kjörum óháð líkamlegu eða andlegu atgervi einstaklinga.
- Vera stefnumótandi í réttindamálum fatlaðs fólks og málsvari og frumkvöðull í þeirra málefnum.
- Vera þekkingarmiðstöð um málefni fatlaðs fólks og ráðgjafi og stoð aðildarfélaganna.

Gildi ÖBÍ

ÞÁTTAKA - JAFNRÆÐI - ÁBYRGÐ

Framtíðarsýn ÖBÍ

- Eitt samfélag fyrir alla.
- ÖBÍ sé frumkvöðull og fyrirmynd í málefnum fatlaðs fólks.
- ÖBÍ sé viðurkennt og virkt í umræðu, ákvarðanatöku og stefnumótun er lýtur að málefnum fatlaðs fólks á öllum sviðum samfélagsins.
- ÖBÍ sé gagnvirk þekkingarmiðstöð um málefni fatlaðs fólks og hafi frumkvæði að rannsóknum.
- ÖBÍ hafi víðtækt samstarf við stjórnvöld, háskólasamfélagið og innlend og erlend samtök.
- ÖBÍ hafi á að skipa öflugum fólki sem hefur hæfni og þekkingu til að fjalla um málefni bandalagsins og er tilbúið að taka þátt.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði að fullu virtur.

Markmið ÖBÍ

Áherslur út á við gagnvart samfélaginu

- Virkt samstarf við stjórnvöld og sveitarfélög.
- Virk þátttaka í umræðu og ákvarðanatöku innan samfélagsins.
- Virk þátttaka í umræðu og ákvarðanatöku um okkur innan laga- og framkvæmdavaldsins.
- Slagorð bandalagsins „Við stöndum fyrir réttlæti – Ekkert um okkur án okkar“ viðurkennt.
- Góð þekking á málefnum fatlaðs fólks.
- Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði lögfestur árið 2009 og kynntur um allt land.
- Öflugt, virkt erlent samstarf.
- Stuðla að einu samfélagi fyrir alla.
- Styrkja opinbert eftirlit og réttindagæslu með þjónustu fatlaðs fólks.
- Öflug tengsl við fjölmiðla.
- Vekja athygli á því sem vel er gert.
- Efla samstarf við háskólasamfélagið.

Kjörorð ÖBÍ

VIÐ STÖNDUM FYRIR RÉTTLÆTI – EKKERT UM OKKUR ÁN OKKAR!

Öryrkjabandalag Íslands var stofnað 5. maí 1961.

Aðildarfélög bandalagsins eru 41, félagafjöldi þeirra samtals er um 29.000 manns.

Nánari upplýsingar má fá á heimasíðu Öryrkjabandalags Íslands, www.obi.is

